

## **Frumvarp til laga um stjórnýslu á sviði jafnréttismála.**

(Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014)

### **I. KAFLI**

#### **Gildissvið og yfirstjórn.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um stjórnýslu á sviði jafnréttismála, meðal annars um störf STOFNUNAR, Kynjajafnréttisráðs, Innflytjendaráðs og kærunefndar jafnréttismála.

2. gr.

*Yfirstjórn.*

Ráðherra fer með yfirstjórn á sviði jafnréttismála nema annars sé sérstaklega getið.

### **II. KAFLI**

#### **STOFNUN.**

3. gr.

*Hlutverk.*

STOFNUN er sérstök stofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra. Hún annast stjórnýslu á því sviði sem lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna, taka til.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra STOFNUNAR til fimm ára í senn.

Verkefni sem STOFNUNIN annast eru meðal annars að:

- a. hafa eftirlit með framkvæmd þeirra laga sem nefnd eru í 1. mgr., og að stefna ráðherra í málefnum innflytjenda og málefnum fatlaðs fólks sé fylgt eftir í framkvæmd,
- b. sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi á sviði jafnréttismála, þar á meðal sjá um útgáfu á auðlesnu efni og bæklingum fyrir fatlað fólk og innflytjendur um réttindi þess og skyldur og miðla upplýsingunum til þeirra,
- c. veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf og aðstoð á sviði jafnréttismála,
- d. koma á framfæri við ráðherra og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að stuðla að framgangi á sviði jafnréttismála,
- e. koma með tillögum að sértækum aðgerðum á sviði jafnréttismála,
- f. auka virkni almennings á sviði jafnréttismála, m.a með aukinni aðild karla að kynjajafnréttisstarfi,

- g. fylgjast með þróun á sviði jafnréttismála í þjóðfélaginu, meðal annars með upplýsingaöflun og rannsóknum,
- h. hafa frumkvæði að því að gerðar verði skýrslur og/eða kannanir á sviði jafnréttismála,
- i. vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á sviði jafnréttismála, meðal annars með forvörnum,
- j. leita sátta í ágreiningsmálum sem STOFNUN berast á sviði jafnréttismála,
- k. vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með síðari breytingum,
- l. breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla sem og neikvæðum staðalímyndum byggðum á kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð og kynvitund,
- m. vera sveitarfélögum til ráðgjafar við að taka á móti innflytjendum sem flytjast í sveitarfélagið,
- n. sinna réttindagæslu fatlaðs fólks,
- o. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið þeirra laga sem nefnd eru í 1. mgr., samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

#### 4. gr.

##### *Upplýsingaöflun og eftirlit.*

Stofnunum, félagasamtökum og fyrirtækjum, þar með talið sjálfstæðri atvinnustarfsemi, er skylt að veita STOFNUN hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar á grundvelli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og laga um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna.

Hafi STOFNUN rökstuddan grun um að brotið hafi verið gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði eða lögum um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna skal hún óska eftir nánari upplýsingum. Hlutaðeigandi er skylt að láta STOFNUN í té upplýsingar og gögn sem hún telur nauðsynleg til að upplýsa um málsatvik. Verði hlutaðeigandi ekki við beiðni STOFNUNAR um upplýsingar og gögn innan hæfilegs frests getur hún ákveðið að hlutaðeigandi greiði dagsektir þar til upplýsingarnar og gögnin hafa verið látin í té. Sé það mat STOFNUNAR að umræddar upplýsingar og gögn renni frekari stoðum undir að brotið hafi verið gegn ákvæðum fyrrgreindra laga skal STOFNUN óska eftir að kærunefndin taki málið til meðferðar. Jafnframt skal STOFNUN tilkynna hlutaðeigandi aðilum skriflega um ákvörðun sína eftir því sem við á. Ákvæði þetta á þó ekki við um einstaklingsmál.

Ákvörðun um dagsektir skv. 2. mgr. skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 50.000 kr. hvern dag. Við

ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal meðal annars líta til fjölda starfsmanna hlutaðeigandi stofnunar, félagasamtaka eða fyrirtækis, þar með talið sjálfstæðrar atvinnustarfsemi, og hversu umsvifamikill viðkomandi rekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

Heimilt er að kæra ákvörðun STOFNUNAR um afhendingu upplýsinga og gagna til ráðherra. Hafi verið tekin ákvörðun um álagningu dagsektar frestar kæra réttaráhrifum þeirrar ákvörðunar meðan beðið er úrskurðar um afhendingu upplýsinga og gagna. Kæra á ákvörðun um dagsektir frestar réttaráhrifum þeirrar ákvörðunar.

Aðför má gera án undangengins dóms til fullnustu dagsekta. Kæra til ráðherra, sbr. 5. mgr., eða málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar aðför.

#### 5. gr.

##### *Réttindagæsla fyrir fatlað fólk.*

STOFNUN annast réttindagæslu fyrir fatlað fólk, sbr. n-lið 3. mgr. 3. gr., og skulu starfsmenn hennar starfa svæðisbundið til að sinna réttindagæslu fyrir fatlað fólk á landinu öllu. Skilyrði er að þeir starfsmenn sem sinna réttindagæslu fyrir fatlað fólk hafi menntun sem nýtist í starfi og þekkingu og reynslu af málefnum og réttindum fatlaðs fólks.

Starfsmönnum STOFNUNAR er óheimilt, samhliða störfum sínum, að sinna störfum fyrir þjónustuaðila við fatlað fólk sem er ósamrýmanlegt starfi þeirra við réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Ráðherra skal setja reglugerð um réttindagæslu fyrir fatlað fólk og skal þar meðal annars kveðið á um fjölda þeirra starfsmanna STOFNUNAR sem skulu sinna réttindagæslu fyrir fatlað fólk, hvar þeir skulu staðsettir og starfssvæði þeirra.

#### 6. gr.

##### *Tilgangur réttindagæslu fyrir fatlað fólk.*

Starfsmenn STOFNUNAR sem sinna réttindagæslu fyrir fatlað fólk skulu fylgjast með högum fatlaðs fólks á starfssvæði sínu og vera því innan handar við réttindagæslu hvers konar, hvort sem það er vegna meðferðar einkafjármuna þess, þjónustu sem það á rétt á eða varðandi önnur persónuleg réttindi eða einkamál þess.

Búi hinn fatlaði einstaklingur á heimili fyrir fatlað fólk skal forstöðumaður viðkomandi heimilis veita þeim starfsmanni STOFNUNAR sem sinnir réttindagæslu á því starfssvæði þær upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar vegna starfs síns. Þegar um er að ræða upplýsingar sem varða persónuleg atriði eða upplýsingar um einkafjármuni hins fatlaða einstaklings skal leita eftir samþykki hans og persónulegs talsmanns hans, sbr. lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, sé slíkur talsmaður til staðar.

STOFNUN skal halda skrá yfir persónulega talsmenn sem starfa á grundvelli laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk og á hvaða starfssvæði þeir starfa á. Skal stofnunin hafa eftirlit með störfum persónulegra talsmanna að öðru leyti.

#### 7. gr.

##### *Tilkynningar og málsmeðferð vegna réttindagæslu fyrir fatlað fólk.*

Öllum er skylt að tilkynna til STOFNUNAR ef þeir hafa ástæðu til að ætla að brotið sé á rétti fatlaðs einstaklings. Aðstandendur fatlaðs einstaklings, persónulegur talsmaður, þjónustuaðilar, samtök fatlaðs fólks og aðrir sem vegna stöðu sinnar, tengsla eða starfa verða varir við að réttur fatlaðs einstaklings er fyrir borð borinn skulu tilkynna það stofnuninni. Fatlaður einstaklingur, sem telur að réttur hans sé fyrir borð borinn, getur leitað til starfsstöðvar STOFNUNAR á viðkomandi starfssvæði. Starfsmaður STOFNUNAR sem sinnir réttindagæslu fyrir fatlað fólk á viðkomandi starfssvæði skal veita hinum fatlaða einstaklingi nauðsynlegan stuðning og kanna málið að höfðu samráði við hann. STOFNUN getur einnig hvenær sem er tekið upp mál að eigin frumkvæði. Komist STOFNUN að þeirri niðurstöðu að réttur fatlaðs einstaklings hafi verið fyrir borð borinn aðstoðar starfsmaður stofnunarinnar sem sinnir réttindagæslu á viðkomandi starfssvæði hinn fatlaða einstakling við að leita réttar síns miðað við atvik máls hverju sinni og óskir hins fatlaða einstaklings.

STOFNUN getur, telji stofnunin málið þess eðlis og að fengnu samþykki hins fatlaða einstaklings, komið ábendingum um úrbætur á framfæri við hlutaðeigandi aðila og gefið honum frest til að verða við þeim. Verði ekki orðið við ábendingum stofnunarinnar og hún telur að málið sé kæránlegt til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, eða kærunefndar jafnréttismála samkvæmt lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, eða annars kæruefndar eða úrskurðaraðila samkvæmt öðrum lögum, skal hann aðstoða hinn fatlaða einstakling við að kæra málið og vera honum innan handar varðandi rekstur málsins sé þess óskað.

#### 8. gr.

##### *Trúnaðarskylda starfsmanna.*

Starfsmönnum STOFNUNAR er óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla annarra upplýsinga eða gagna en þeirra sem eru nauðsynleg eða kunna að vera nauðsynleg í þágu starfa sinna skv. 4.-7. gr. Enn fremur er þeim óheimilt að veita eða afhenda öðrum en aðilum máls, kærunefnd jafnréttismála eða ráðuneytinu, eftir því sem við á, upplýsingar eða gögn sem aflað er í þágu eftirlitsins skv. 4.-7. gr. Hið sama gildir um það sem starfsmenn kunna að verða áskynja vegna starfa sinna við lausn á ágreiningsmálum skv. j-lið 3. mgr. 3. gr.

Viðkvæmar persónulegar upplýsingar sem starfsmenn STOFNUNAR kunna að fá vegna réttindagæslu fatlaðs fólks skulu varðveittar með öruggum hætti þannig að upplýsingarnar glatist ekki. Starfsmenn stofnunarinnar sem starfa við

réttindagæslu fatlaðs fólks skulu eingöngu hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum vegna starfa sinna.

Hverjum starfsmanni STOFNUNAR er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

### III. KAFLI

#### **Kærunefnd jafnréttismála.**

##### 9. gr.

##### *Skipun.*

Ráðherra skipar samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands fimm fulltrúa í kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn, þar af bæði formann og varaformann. Skulu þeir allir hafa lokið embættis- eða meistaraþrófi í lögfræði og hafa góða þekkingu á sviði jafnréttismála og vinnuréttar. Formaður og varaformaður, sem jafnframt er aðalmaður, skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Kærunefnd jafnréttismála er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á.

Þrír fulltrúar í kærunefnd jafnréttismála skulu sitja í hverju máli og skal formaður vera einn þeirra. Forfallist formaður skal varaformaður taka sæti hans. Í upphafi skipunartímans skv. 1. mgr. skulu fulltrúar í kærunefnd jafnréttismála koma sér saman um með hvaða hætti haga skuli vali á þeim tveimur fulltrúum í kærunefnd jafnréttismála sem sitja skulu í hverju máli auk formanns eða varaformanns eftir atvikum.

##### 10. gr.

##### *Hlutverk.*

Kærunefnd jafnréttismála skal taka erindi til meðferðar og kveða upp úrskurð um hvort ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, laga um jafna meðferð á vinnumarkaði eða laga um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna hafi verið brotin. Úrskurðir kærunefndar jafnréttismála sæta ekki kærú til æðra stjórnvalds.

Þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild skal kærunefnd jafnréttismála leita umsagnar frá heildarsamtökum launafólks og atvinnurekenda áður en úrskurður er kveðinn upp.

Málsaðilum er heimilt að bera úrskurði kærunefndar jafnréttismála undir dómstóla. Sé mál höfðað vegna úrskurðar er kærunefnd jafnréttismála heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála sem eru til meðferðar hjá henni þar til dómur gengur í málinu.

Kærunefnd jafnréttismála getur úrskurðað að sá sem kæra beinist gegn greiði kæranda útlagðan kostnað við að hafa kærana uppi fyrir kærunefnd

jafnréttismála enda sé úrskurður nefndarinnar kæranda í hag. Aðför má gera án undangengins dóms til fullnustu úrskurðar um slíka greiðslu.

Ef úrskurður kærunefndar jafnréttismála er kæranda í hag en gagnaðili vill ekki una honum og höfðar mál til ógildingar úrskurðarins fyrir dómstólum skal kærandi fá greiddan málskostnað úr ríkissjóði bæði fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti eftir því sem við á.

Ef kæra er bersýnilega tilefnislaus að mati kærunefndar jafnréttismála getur nefndin úrskurðað kæranda til að greiða gagnaðila kostnað sem hann hefur orðið fyrir vegna málsins. Aðför má gera án undangengins dóms til fullnustu úrskurðar um slíka greiðslu.

Kærunefnd jafnréttismála skal birta úrskurði sína.

Kostnaður við starfsemi kærunefndar jafnréttismála greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf kærunefndar jafnréttismála og skrifstofuhald.

## 11. gr.

### *Málsmeðferð.*

Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem hafa lögvarðra hagsmuna að gæta og telja að ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, laga um jafna meðferð á vinnumarkaði eða laga um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna hafi verið brotin, geta leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanns síns enda liggi fyrir samþykki viðkomandi félagsmanns. Jafnframt er félagasamtökum heimilt að leita atbeina kærunefndar jafnréttismála telji þeir að ákvæði framangreindra laga hafi verið brotin og að umtalsverður hluti félagsmanna sinna eigi lögvarðra hagsmuna að gæta af úrlausn máls.

STOFNUN getur óskað eftir að kærunefnd jafnréttismála taki mál til meðferðar, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Erindi skulu berast nefndinni skriflega innan sex mánaða frá því að ætlað brot lá fyrir á þeim lögum sem talin eru upp í 1. mgr., frá því að ástandi sem talið er brot á hlutaðeigandi lögum lauk eða frá því að sá er málið varðar fékk vitneskju um ætlað brot. Sé leitað rökstuðnings á grundvelli ákvæða stjórnslulaga eða kjarasamninga tekur fresturinn að líða þegar sá rökstuðningur liggur fyrir. Kærunefnd jafnréttismála getur þegar sérstaklega stendur á ákveðið að taka erindi til meðferðar þótt liðinn sé framangreindur frestur, þó aldrei ef liðið er meira en eitt ár. Erindi telst nægjanlega snemma fram komið ef bréf sem hefur það að geyma hefur borist nefndinni eða verið póstlagt áður en fresturinn er liðinn.

Kærunefnd jafnréttismála getur að höfðu samráði við kæranda sent mál til sáttameðferðar hjá STOFNUN.

Kærunefnd jafnréttismála skal kveða upp úrskurð að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni berst mál í hendur.

Málsmeðferð fyrir kærunefnd jafnréttismála skal að jafnaði vera skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund telji nefndin ástæðu til. Að öðru leyti fer um málsmeðferð hjá kærunefnd jafnréttismála samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga og nánari reglum sem ráðherra er heimilt að setja, að fenginni umsögn kærunefndar jafnréttismála.

12. gr.

*Upplýsingaöflun.*

Kærunefnd jafnréttismála skal tryggja að aðili máls eigi þess kost að tjá sig um efni máls áður en kærunefndin kveður upp úrskurð enda telji hún að hvorki afstaða hans né rök fyrir henni liggi fyrir í gögnum málsins.

Kærunefnd jafnréttismála getur, að kröfu gagnaðila, krafist aðila um gögn sem hún telur að geti haft áhrif á úrlausn máls.

Kærunefnd jafnréttismála getur krafist frekari gagna frá málsaðilum telji hún málið ekki nægjanlega upplýst.

Ef lögð eru fyrir kærunefnd jafnréttismála gögn sem varða laun, önnur starfskjör eða réttindi einstaklinga sem ekki eiga aðild að viðkomandi kærumáli skal kærunefnd jafnréttismála tilkynna hlutaðeigandi að þessar upplýsingar hafi verið veittar henni. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

#### IV. KAFLI

### **Jafnréttisþing, jafnréttisnefndir sveitarfélaga, jafnréttisfulltrúar og jafnréttisráðgjafar.**

13. gr.

*Jafnréttisþing.*

Ráðherra skal boða til jafnréttisþings á tveggja ára fresti.

Á jafnréttisþingi skal fjalla um jafnréttismál. STOFNUN skal sjá til þess að umræður þingsins verði teknar saman og vinna úr þeim tillögur til ráðherra. Önnur verkefni þingsins ákveður ráðherra hverju sinni að fengnum tillögum frá hagsmunasamtökum á sviði jafnréttismála.

Þingið er öllum opið en boða skal sérstaklega alþingismenn, fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal jafnréttisfulltrúa, sem og fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og annarra hagsmunasamtaka á sviði jafnréttismála.

Seta á þinginu er ólaunuð en annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun ráðherra.

14. gr.

*Jafnréttisnefndir sveitarfélaga.*

Sveitarstjórnir skulu að loknum sveitarstjórnarkosningum skipa jafnréttisnefndir sem fjalla um jafna meðferð óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund innan viðkomandi sveitarfélags. Skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í málefnum er varða jafnrétti og fylgjast með og hafa

frumkvæði að aðgerðum, þar með talið sértækum aðgerðum, til að tryggja jafna stöðu og jafna meðferð einstaklinga innan viðkomandi sveitarfélags.

Hver jafnréttisnefnd skal hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára, þar sem meðal annars komi fram hvernig unnið skuli að samþættingu á grundvelli þeirra mismununarástæðna sem nefndar eru í 1. mgr. á öllum sviðum sem og framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðrétt skuli mismun á stöðu einstaklinga á grundvelli framangreindra mismununarástæðna innan sveitarfélagsins. Jafnréttisáætlanir skulu lagðar fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

Hver jafnréttisnefnd skal afhenda STOFNUN skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála innan viðkomandi sveitarfélags óski STOFNUN eftir því.

#### 15. gr.

##### *Jafnréttisfulltrúar.*

Í sérhverju ráðuneyti skal starfa jafnréttisfulltrúi sem hefur sérþekkingu á jafnréttismálum. Jafnréttisfulltrúi fjallar um og hefur eftirlit með jafnrétti á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess, þar á meðal skal hann vinna að kynjasamþættingu sem og samþættingu vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar og kynvitundar á málefnasviði ráðuneytisins. Jafnréttisfulltrúi skal árlega senda STOFNUN greinargerð um stöðu og þróun jafnréttismála á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis.

#### 16. gr.

##### *Jafnréttisráðgjafar.*

Ráðherra er heimilt að ráða tímabundið til starfa jafnréttisráðgjafa sem vinna skal að jafnrétti á tilteknu sviði og/eða á tilteknu landsvæði.

### V. KAFLI

#### **Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla.**

#### 17. gr.

##### *Kynjafnréttisráð.*

Eftir hverjar alþingiskosningar skipar ráðherra ellefu manna Kynjafnréttisráð. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefninga, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum launafólks, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum atvinnurekenda, tvo fulltrúa sem tilnefndir eru sameiginlega af Femínistafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands, einn fulltrúa sem tilnefndur er sameiginlega af Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum, einn fulltrúa sem tilnefndur er af Félagi um foreldrajafnrétti og einn fulltrúa sem tilnefndur er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúar ráðherra skulu vera formaður og varaformaður sem jafnframt er aðalmaður. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir með sama hætti.



Fulltrúi STOFNUNAR skal sitja fundi Kynjajafnréttisráðs með málfrelsi og tillögurétt.

18. gr.

*Hlutverk Kynjajafnréttisráðs.*

Hlutverk Kynjajafnréttisráðs skal vera að:

- a. stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur óháð kyni,
- b. vera ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum er tengjast jafnrétti kynjanna,
- c. gæta þess að kynjasjónarmið séu samþætt allri stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ríkis eða sveitarfélaga,
- d. koma á framfæri við ráðherra sem og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir sem vinna að markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og þá sérstaklega að því er varðar jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs,
- e. koma á víðtæku samstarfi og samráði milli ráðuneyta, sveitarfélaga og annarra aðila sem koma að jafnrétti kynjanna í samstarfi við STOFNUN ,
- f. stuðla að opinberri umræðu um jafnrétti kynjanna með ráðstefnum og fundum með hagsmunaaðilum sem láta sig jafnrétti kynja varða,
- g. vinna verkefni í samræmi við markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Kynjajafnréttisráð skal tilnefna í ráðgjafarhóp sem gerir árlega tillögu til ráðherra um veitingu styrkja úr kynjajafnréttissjóði, sbr. 19. gr.

Kostnaður við starfsemi ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

Kynjajafnréttisráð skal árlega skila ráðherra skýrslu um störf sín.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um störf Kynjajafnréttisráðs og skrifstofuhald.

19. gr.

*Kynjajafnréttissjóður.*

Starfrækja skal sérstakan rannsóknarsjóð á sviði jafnréttis kynjanna, Kynjajafnréttissjóð. Tilgangur sjóðsins er að efla kynjarannsóknir og stuðla þannig að bættri stöðu kvenna og karla og framgangi jafnréttis kynjanna. Til sjóðsins renna fjármunir sem veittir eru í fjárlögum hverju sinni.

Styrkir Kynjajafnréttissjóðs skulu að meginstefnu veittir til rannsókna á stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði en einnig á öðrum sviðum samfélagsins.

Sá ráðherra sem fer með forsæti í ríkisstjórn Íslands skal skipa þriggja manna ráðgjafarhóp að fengum tillögum Kynjajafnréttisráðs og velferðarráðuneytis. Einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður ráðgjafarhópsins. Hlutverk ráðgjafarhópsins er að gera árlega tillögu til ráðherra um hverjar áherslur Kynjajafnréttissjóð skulu vera, auglýsa árlega eftir

umsóknnum um styrki í sjóðinn og gera tillögu til ráðherra um veitingu styrkja og fjárhæð þeirra.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari reglur um starfsemi og skipulag Kynjajafnréttissjóðs.

#### 20. gr.

##### *Þingsályktun um framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna.*

Ráðherra skal leggja fyrir Alþingi, á fjögurra ára fresti, tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta, stofnana, STOFNUN og Kynjajafnréttisráðs. Enn fremur skal höfð hliðsjón af umræðum jafnréttisþingsins skv. 13. gr. eftir því sem við getur átt.

Tillaga að þingsályktun um framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna skv. 1. mgr. skal fela í sér verkefni sem ætlað er að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í íslensku samfélagi. Framkvæmdaáætlun, ábyrgð og áætlaður kostnaður verkefna skulu tilgreind í áætluninni ásamt því hvernig mati á árangri aðgerða skuli háttáð.

#### 21. gr.

##### *Skýrsla ráðherra um stöðu og þróun jafnréttis kynjanna.*

Ráðherra skal leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttis kynjanna um leið og hann leggur fram tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna skv. 20. gr. Í skýrslu ráðherra skal meðal annars koma fram mat á stöðu og árangri verkefna í gildandi þingsályktun um framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna, sbr. 20. gr., auk umfjöllunar um stöðu og þróun jafnréttis kynjanna á helstu sviðum samfélagsins

#### 22. gr.

##### *Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera.*

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.

Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá skilyrði 1. másl. þegar málefnalegar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu og skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

Skipunaraðila er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. ef tilnefningaraðili nýtir sér undanþáguheimildina í 2. másl. 2. mgr.

#### 23. gr.

##### *Greining á tölfræðiupplýsingum.*

Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.

24. gr.

*Kynjasambætting.*

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefnasviði þeirra. Hið sama gildir um alla ákvörðunartöku innan ráðuneyta og stofnana eftir því sem við getur átt.

VI. KAFLI

**Málefni innflytjenda**

25. gr.

*Innflytjendaráð.*

Eftir hverjar alþingiskosningar skipar ráðherra sex manna Innflytjendaráð. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar, þ.e. formann og einn fulltrúa, og skal að minnsta kosti annar þeirra vera úr hópi innflytjenda. Auk þess skal ráðherra skipa einn fulltrúa sem tilnefndur er af þeim ráðherra sem fer með málefni útlendinga, einn fulltrúa sem tilnefndur er af þeim ráðherra sem fer með fræðslumál og tvo fulltrúa sem tilnefndir eru af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Komi til atkvæðagreiðslu í Innflytjendaráði og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

Fulltrúi STOFNUNAR skal sitja fundi Innflytjendaráðs með málfrelsi og tillögurétt.

26. gr.

*Hlutverk Innflytjendaráðs.*

Hlutverk Innflytjendaráðs skal vera að:

- a. stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur,
- b. vera ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málefnum innflytjenda,
- c. gæta þess að sjónarmið innflytjenda séu sambætt allri stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ríkis eða sveitarfélaga,
- d. stuðla að víðtæku samstarfi og samráði milli ráðuneyta, sveitarfélaga og annarra aðila sem koma að málefnum innflytjenda,
- e. stuðla að opinberri umræðu um málefni innflytjenda með ráðstefnum og fundum með hagsmunaaðilum sem láta sig málefni innflytjenda varða,

f. vinna verkefni í samræmi við markmið laga sem fjalla um málefni innflytjenda samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Innflytjendaráð skal tilnefna í ráðgjafarhóp sem gerir árlega tillögu til ráðherra um veitingu styrkja úr þróunarsjóði innflytjendamála, sbr. 27. gr.

Innflytjendaráð skal árlega skila ráðherra skýrslu um störf sín.

Kostnaður við starfsemi Innflytjendaráðs greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um störf Innflytjendaráðs og skrifstofuhald.

#### 27. gr.

##### *Þróunarsjóður innflytjendamála.*

Starfrækja skal sérstakan sjóð er nefnist Þróunarsjóður innflytjendamála. Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og styðja þróunarverkefni á sviði málefna innflytjenda með það að markmiði að auðvelda innflytjendum aðlögun að íslensku samfélagi og stuðla að því að samfélagið taki betur tillit til sjónarmiða þeirra í því skyni að stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur. Til sjóðsins renna fjármunir sem veittir eru í fjárlögum hverju sinni.

Ráðherra skal skipa þriggja manna ráðgjafarhóp að fengum tillögum Innflytjendaráðs og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður ráðgjafarhópsins. Hlutverk ráðgjafarhópsins er að gera árlega tillögu til ráðherra um hverjar áherslur Þróunarsjóðs innflytjendamála skulu vera, auglýsa árlega eftir umsóknum um styrki í sjóðinn og gera tillögu til ráðherra um veitingu styrkja og fjárhæð þeirra.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari reglur um starfsemi og skipulag Þróunarsjóðs innflytjendamála.

#### 28. gr.

##### *Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.*

Ráðherra skal leggja fyrir Alþingi, á fjögurra ára fresti, tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta, stofnana, STOFNUN og Innflytjendaráðs. Enn fremur skal höfð hliðsjón af umræðum jafnréttisþingsins skv. 13. gr. eftir því sem við getur átt.

Tillaga til þingsályktunar skv. 1. mgr. skal fela í sér verkefni sem hafa það að markmiði að stuðla að samfélagi þar sem allir einstaklingar geta verið virkir þátttakendur. Framkvæmdaáætlun, ábyrgð og áætlaður kostnaður verkefna skulu tilgreind í áætluninni ásamt því hvernig mati á árangri aðgerða skuli háttað.

#### 29. gr.

##### *Skýrsla ráðherra á stöðu og þróun í málefnum innflytjenda.*

Ráðherra skal leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun í málefnum innflytjenda um leið og hann leggur fram tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda skv. 28. gr. Í skýrslu ráðherra skal meðal annars koma fram mat á stöðu og árangri verkefna í gildandi þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda á hverjum tíma, sbr. 28. gr., auk umfjöllunar um stöðu og þróun í málefnum innflytjenda á helstu sviðum samfélagsins í samræmi við markmið laganna.

## VII. KAFLI

### Málefni fatlaðs fólks.

#### 30. gr.

##### *Réttindavakt fatlaðs fólks.*

Eftir hverjar alþingiskosningar skipar ráðherra sex manna réttindavakt fatlaðs fólks til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður vaktarinnar og hinn varaformaður. Ráðherra skipar einn fulltrúa sem tilnefndur er af Öryrkjabandalagi Íslands, einn sem tilnefndur er af Landssamtökunum Þroskahjálpi, einn sem tilnefndur er af Háskóla Íslands og einn sem er tilnefndur af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Komi til atkvæðagreiðslu í réttindavakt fatlaðs fólks og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

Fulltrúi STOFNUNAR skal sitja fundi réttindavaktarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

#### 31. gr.

##### *Hlutverk Réttindavaktar fatlaðs fólks.*

Hlutverk réttindavaktar fatlaðs fólks er að:

- a. vera ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar varðandi málefni fatlaðs fólks, þar á meðal réttindagæslu þess,
- b. gæta þess að sjónarmið fatlaðs fólks séu samþætt allri stefnumótun og áætlanagerð hjá ríki og sveitarfélögum,
- c. safna upplýsingum um réttindamál fatlaðs fólks og þróun í hugmyndafræði og þjónustu við fatlað fólk og koma á framfæri ábendingum um það sem betur má fara,
- d. bera ábyrgð á fræðslu- og upplýsingastarfi, í samvinnu og samráði við hagsmunasamtök fatlaðs fólks, varðandi réttindi fatlaðs fólks, svo sem fyrir fatlaða einstaklinga, þeirra starfsmanna sem sinna réttindagæslu fatlaðs fólks, talsmenn þeirra, aðstandendur, starfsfólk og þjónustuaðila,
- e. fylgjast með nýjungum á sviði hugmyndafræði og þjónustu við fatlað fólk sem kunna að leiða til betri þjónustu og aukinna lífsgæða fyrir fatlað fólk
- f. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laga er fjalla um málefni fatlaðs fólks samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Réttindavakt fatlaðs fólks skal árlega skila ráðherra skýrslu um störf sín. Kostnaður við starfsemi Réttindavaktar fatlaðs fólks greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um störf Réttindavaktar fatlaðs fólks og skrifstofuhald.

## VIII. KAFLI Önnur ákvæði.

32. gr.

### *Reglugerðarheimild.*

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrir mæli um framkvæmd laga þessara, svo sem um starfsemi og skipulag STOFNUNAR, kærunefndar jafnréttismála, Kynjajafnréttisráðs, Innflytjendaráðs, Kynjajafnréttissjóðs, Próunarsjóðs innflytjendamála og um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

33. gr.

### *Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2015.

Við gildistöku laga þessara falla niður lög nr. 116/2012 um málefni innflytjenda.

Ákvæði til bráðabirgða VI skal taka gildi frá samþykkt laga þessara.

34. gr.

### *Breytingar á öðrum lögum*

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar:

1. *Lög nr. 19/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með síðari breytingum:*
  - a. 3. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn:  
*Stjórnsýsla.*

Um stjórnsýslu á grundvelli laga þessara gilda lög um stjórnsýslu á sviði jafnréttismála.
  - b. 4.–17. gr., falla brott.
  - c. Ákvæði til bráðabirgða I–V, falla brott.
  - d. 31. gr. laganna orðast svo:

Sá sem með sagnæmum og ólögumætum hætti brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur vegna fjártjóns og miska samkvæmt almennum reglum.
2. *Lög nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.*
  - a. 3.–6. gr. falla brott.
  - b. 1. mgr. 8. gr. fellur brott.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

## I.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð skipaðra fulltrúa í kærunefnd jafnréttismála og skal ráðherra skipa, samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar, fimm fulltrúa í kærunefnd jafnréttismála, sbr. 9. gr., sem taka við verkefnum fráfarandi nefndar.

Þrátt fyrir 1. mgr. 9. gr. skal ráðherra, í fyrsta skipti sem nefndin er skipuð samkvæmt lögum þessum, skipa þrjá fulltrúa í kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára, aðra en formann og varaformann, en formann skal ráðherra skipa til fjögurra ára og varaformann til tveggja ára. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

## II.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð skipaðra fulltrúa í Jafnréttisráði og skal ráðherra skipa nýtt Kynjajafnréttisráð, sbr. 17. gr.

## III.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð skipaðra fulltrúa í Innflytjendaráði og skal ráðherra skipa nýtt Innflytjendaráð, sbr. 25. gr.

## IV.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð skipaðra fulltrúa í Réttindavakt ráðuneytisins og ráðherra skipar nýja Réttindavakt fatlaðs fólks, sbr. 30. gr.

## V.

Þeir starfsmenn Jafnréttisstofu, Fjölmeningaseturs og þeir sem starfa sem réttindagæslumenn við gildistöku laganna verða starfsmenn við hina nýju stofnun með óbreyttum starfskjörum og ákvæði starfsmannalaga um auglýsingaskyldu eiga ekki við um flutning starfsmanna samkvæmt ákvæðinu. Starfsmenn kunna þó að þurfa að hlíta breytingum á starfi vegna skipurits hinnar nýju stofnunar.

## VI.

Ráðherra skal skipa verkefnisstjórn sem hefur með höndum að undirbúa starfsemi hinnar nýju stofnunar sbr. II. kafla frumvarps þessa, þ.m.t. starfsmannahald. Ákvæði þetta skal taka gildi frá samþykkt laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I. Inngangur.

Frumvarp þetta lýtur að skipulagi á þeirri stjórnsýslu sem lögð er til að gildi á sviði jafnréttismála. Er þar meðal annars tekið tillit til efnis tveggja frumvarpa sem félags- og húsnæðismálaráðherra leggur samhliða fram með þessu frumvarpi, þ.e. frumvarpi til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og frumvarpi

til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Í frumvarpi til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði er lagt til að innleidd verði á vinnumarkaði meginreglan um jafna meðferð óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund. Einnig er gert ráð fyrir að meginreglan um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna verði jafnframt innleidd utan vinnumarkaðar með frumvarpi til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Er þetta í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks frá 22. maí 2013 sem kveður á um að unnið verði markvisst að því að ná raunverulegu jafnrétti fyrir alla.

## II. Markmið lagasetningar.

Tilgangur frumvarps þessa er að sameina stjórnarsýslu í tengslum við framkvæmd ýmissa laga á sviði jafnréttismála. Er í því sambandi átt við jafnréttismál í víðari skilningi en áður hefur tíðkast hér á landi þannig að gert er ráð fyrir að ráðherra fari með yfirstjórn á sviði jafnréttismála þar sem átt er við meginregluna um jafna meðferð óháð kyni, kynþætti eða þjóðernisuppruna, innan sem utan vinnumarkaðar, sem og meginregluna um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund. Í frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir að ein stofnun annist stjórnarsýslu á framangreindum sviðum þannig að verði frumvarpið að lögum beri STOFNUN í störfum sínum að fjalla um jafnrétti kynjanna og jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna, innan sem utan vinnumarkaðar, sem og meginregluna um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund. Í ljósi framangreinds þykir eðlilegt að fjallað sé um skipulag stjórnarsýslu á sviði jafnréttismála í einum lögum, meðal annars í því skyni að tryggja heildaryfirsýn í því sambandi.

Ljóst er að efni meginreglunnar um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund sem og efni meginreglunnar um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna utan vinnumarkaðar er eðlislíkt efni þeirrar meginreglu sem lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla byggjast á um jafna meðferð óháð kyni, innan sem utan vinnumarkaðar. Liggur því fyrir að hlutverk stjórnarsýslustofnana sem ætlað yrði að stuðla að framkvæmd laga er fjalla um jafna meðferð á grundvelli framangreindra mismununarástæðna yrði mjög sambærilegt. Í þessu tilliti þótti jafnframt mikilvægt að skoða aðrar stjórnarsýslustofnanir sem kynnu að hafa sambærilegu hlutverki að gegna við að stuðla með einum eða öðrum hætti að jafnri meðferð einstaklinga innan samfélagsins. Í því efni var sérstaklega litið til þess að lengi hefur verið litið svo á að innleiðing ákvæða sem ætlað er að tryggja jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna væru mikilvæg skref í að bæta stöðu innflytjenda hér á landi, sbr. einnig athugasemdir við frumvarp það er varð að lögum nr. 116/2012, um málefni innflytjenda. Þykir því vel við hæfi að sama stofnun sem annast



framkvæmd ákvæða um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna annist einnig stjórnarsýslu á sviði málefna innflytjenda. Hið sama verður einnig talið gilda um réttindagæslumenn fyrir fatlað fólk í ljósi hlutverks þeirra við að gæta að því að réttindi fatlaðs fólks séu virt þannig að það fái notið jafnrar meðferðar á við ófatlað fólk. Þá hafa komið upp ákveðin vandkvæði tengd því að réttindagæslumennirnir eru starfsmenn velferðarráðuneytisins en starfshópur sem vann að endurskoðun fyrirkomulags réttindagæslunnar, og skilaði skýrslu sinni í mars 2013, lagði meðal annars til að réttindagæslumenn yrðu starfsmenn þeirrar stofnunar sem tæki að sér að hafa eftirlit með banni gegn mismunun (<http://www.althingi.is/altext/141/s/pdf/1229.pdf>).

Í ljósi framangreinds er því lagt til í frumvarpi þessu að ný stofnun verði sett á laggirnar sem verði falið að sinna verkefnum Jafnréttisstofu samkvæmt lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með síðari breytingum, verkefnum Fjölmeningaseturs samkvæmt lögum nr. 116/2012, um málefni innflytjenda, og verkefnum réttindagæslumanna fyrir fatlað fólk samkvæmt lögum nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Er því jafnframt gert ráð fyrir að ákvæði framangreindra laga er lúta að stjórnarsýslunni verði efnislega tekin upp í frumvarpi þessu og þá einnig lagt til að þau verði felld brott úr gildandi lögum. Í ljósi þessa er gert ráð fyrir að lög nr. 116/2012, um málefni innflytjenda, falli úr gildi enda lýtur efni þeirra eingöngu að stjórnarsýslu í málefnum innflytjenda en þar er hvorki kveðið á um efnisleg réttindi né skyldur innflytjenda. Lagt er til að II. kafli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, falli brott sem og einnig þau ákvæði laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk sem fjalla um réttindavakt og réttindagæslumenn en önnur ákvæði laganna haldi gildi sínu.

Er því stefnt að því að til verði ein öflug stofnun á sviði jafnréttismála, í stað fleiri smærrí. Slíkt fyrirkomulag þykir til þess fallið að efla stjórnarsýslu á sviði jafnréttismála en vonir standa jafnframt til að byggja megi upp stofnun með víðtæka þekkingu á sviði jafnréttismála sem meðal annars gerir það hægara um vik að taka á fjölþættri mismunun. Hlutverk Jafnréttisstofu, Fjölmeningarseturs og réttindagæslu fyrir fatlað fólk er að mörgu leyti mjög sambærilegt í dag en þessar stofnanir og aðilar gegna forvarnarhlutverki, fræðslu og upplýsingastarfsemi til ýmissa aðila sem og ákveðnu eftirlitshlutverki í tengslum við framkvæmd laga hver á sínu málefnasviði. Gera má ráð fyrir að samlegðaráhrif út frá aðferðarfræði og faglegri þekkingu aukist auk þess sem sérhæfing starfsmanna kemur til með að nýtast á fleiri sviðum. Jafnframt má ætla að slíkt fyrirkomulag nái fram ákveðinni hagræðingu í ríkisrekstri sem þykir mikilvæg á tímum aðhaldsaðgerða og umbóta í ríkisrekstri. Í ljósi þess að starfsemi framangreindra stofnana eða aðila er staðsett víðsvegar um landið eru tækifæri til að gera hina nýju stofnun mun aðgengilegri almenningi en áður hefur tíðkast, án tillits til þess hvar fólk er búsett á landinu. Rétt er þó að árétta að þó að stofnunin muni að öllum líkindum hafa hlutverki að gegna við innleiðingu og

eftirfylgni vegna samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (e. *UN Convention on the Rights of Persons with Disability*) er hér ekki um að ræða sjálfstæða eftirlitsstofnun samkvæmt 2. mgr. 33. gr. þess samnings.

Áfram er gert ráð fyrir að sérstök kærunefnd verði starfandi á svipaðan hátt og kærunefnd jafnréttismála hefur starfað á grundvelli laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Þangað verði unnt að beina málum er lúta að ætluðum brotum á ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, líkt og verið hefur sem og lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði og lögum um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna, verði samnefnd frumvörp að lögum. Í ljósi þessa er lagt til að fulltrúum í kærunefndinni verði fjölgað frá því sem nú er úr þremur í fimm enda þótt áfram sé gert ráð fyrir að þrjú fulltrúar hennar skuli sitja í hverju máli. Er því fyrirkomulagi meðal annars ætlað að stuðla að sérhæfðri þekkingu hjá fulltrúum í nefndinni enda henni ætlað að fjalla um mál er varða ætlaða mismunun á grundvelli fleiri mismununarástæðna en samkvæmt gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Með þessu er þannig leitast við að tryggja sem besta þekkingu við afgreiðslu hvers máls fyrir sig hjá nefndinni. Miðað er við að nefndarmenn hafi allir lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraþróf og hafi góða þekkingu á sviði jafnréttismála og vinnuréttar. Til að gæta sjálfstæðis nefndarinnar er gert ráð fyrir að Hæstiréttur Íslands tilnefni alla aðalmenn kærunefndarinnar sem og varamenn hennar þannig að bindandi sé fyrir ráðherra sem gert er ráð fyrir að skipi nefndina með formlegum hætti. Enn fremur er miðað við að Hæstiréttur tilgreini hver þeirra aðila sem hann tilnefnir skuli vera skipaður formaður og hver varaformaður en gert er ráð fyrir að formaður og varaformaður skuli jafnframt uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Líkt og kveðið er á um í gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er áfram gert ráð fyrir að kærunefnd jafnréttismála geti kallað sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila telji hún þörf á en mikilvægt þykir að nefndin nýti sér þessa heimild í þeim tilvikum sem þurfa þykir enda ljóst að brot á grundvelli þeirra mismununarástæðna sem henni er ætlað að fjalla um geta verið af ólíkum toga.

Lögð er áhersla á mikilvægi þess að unnið verði markvisst að jafnri meðferð óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð og kynvitund innan íslenskrar stjórnarsýslu, hvort sem er hjá ríki eða sveitarfélögum. Í þeim tilgangi er lagt til að hlutverk jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna sem og jafnréttisráðgjafa ráðherra verði útvíkkað þannig að taki ekki eingöngu til jafnrar meðferðar á grundvelli kyns eins og verið hefur heldur einnig til jafnrar meðferðar óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð og kynvitund. Sama breyting er lögð til í sambandi við hlutverk jafnréttisnefnda sveitarfélaga þannig að þær nefndir fjalli um jafna meðferð óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð og kynvitund innan viðkomandi sveitarfélags. Enn fremur er lagt til að jafnréttisþing verði áfram haldið á tveggja ára fresti en þá þannig að á slíkum þingum verði fjallað um jafna meðferð óháð

kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð og kynvitund en ekki eingöngu kyni eins og verið hefur.

Í umræðunni um útvíkkun jafnréttishugtaksins bæði hér á landi og á hinum Norðurlöndunum hafa engu að síður komið fram þau sjónarmið að ekki þyki ráðlegt að jafna jafnrétti kynjanna að öllu leyti við jafnrétti annarra hópa þar sem þar er ólíku saman að jafna. Hefur í þeirri umræðu verið undirstrikað mikilvægi þess að gæta þurfi í ljósi reynslunnar sérstaklega að jafnrétti kynjanna enda varði það bæði karla og konur með einum eða öðrum hætti og þar með alla íbúa samfélagsins. Í því skyni að koma til móts við þessi sjónarmið er lagt til að hlutverk Jafnréttisráðs varði áfram eingöngu bundið við jafnrétti kynjanna. Enn fremur er gert ráð fyrir að sérstakur kynjajafnréttissjóður verði innan stjórnisýslunnar eins og verið hefur um nokkurt skeið sem ætlað er að efla kynjarannsóknir og stuðla að bættri stöðu kvenna og karla í samfélaginu og framgangi jafnréttis kynjanna. Gert er ráð fyrir að sá ráðherra sem fer með forsæti í ríkisstjórn Íslands skipi ráðgefandi nefnd sem hefur það hlutverk að koma fram með tillögur um veitingu styrkja úr sjóðnum að fengnum tilnefningum frá Kynjajafnréttisráði og velferðarráðuneyti og að formaður nefndarinnar verði skipaður án tilnefningar.

Að því er varðar skipan í opinberar nefndir, ráð og stjórnir er lagt til að áfram verði sérstakt ákvæði í lögum sem ætlað er að tryggja að hlutfall kynjanna skuli vera sem jafnast við tilnefningar og skipanir fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera eins og hefur gilt samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Er lagt til að ákvæði þetta verði flutt úr lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og fært í þau lög sem ætlað er að fjalla um stjórnisýslu á sviði jafnréttismála.

### III. Samráð.

Frumvarpið var unnið í velferðarráðuneytinu í samráði við Jafnréttisstofu. Að því er varðar þann hluta sem varðar jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð og kynvitund var haft samráð við Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök atvinnulífsins. Var meðal annars rætt um hvort gera ætti ráð fyrir því í frumvarpinu að kærunefndin kvæði upp úrskurði eða hvort gera ætti ráð fyrir því að nefndin veitti rökstutt álit í málum vegna ætlaðra brota á ákvæðum laga um jafna meðferð á vinnumarkaði sem og laga um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna, verði samnefnd frumvörp að lögum.

Lengi vel var það verkefni kærunefndar jafnréttismála að gefa skrifleg rökstudd álit um hvort ákvæði laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefðu verið brotin. Teldi kærunefndin að svo hefði verið beindi hún rökstuddum tilmælum um úrbætur til hlutaðeigandi aðila. Með lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, var þessu breytt þannig

að kærunefndinni bæri að kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um það hvort ákvæði laganna hefðu verið brotin svo bindandi yrði fyrir málsaðila í stað álita sem var áður. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að þeim lögum var tekið fram að verið væri að leitast við að veita niðurstöðum nefndarinnar meira vægi en áður og framkvæmd þessara mála þar með færð nær því sem tíðkaðist hjá öðrum norrænum ríkjum. Auk þess var tekið fram í athugasemdunum að reynslan virtist sýna að við bæri að álit kærunefndar jafnréttismála væru ekki virt. Í samráði stjórnvalda við samtök aðila vinnumarkaðarins var rætt um hvort kærunefndin ætti að kveða upp úrskurði eða gefa álit í öllum þeim málum sem henni er ætlað að fjalla um og var þá meðal annars litið til reynslunnar að því er varðar störf kærunefndar jafnréttismála. Ekki náðist samstaða um þetta atriði en hins vegar þótti ekki tilefni til að leggja til breytinga á þeirri framkvæmd að kærunefndin kveði upp úrskurði í málum sem henni berast vegna ætlaðra brota á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla líkt og kveðið er á um í þeim lögum. Í frumvarpinu er því lagt til að kærunefnd jafnréttismála kveði upp úrskurði í öllum málum sem henni berast svo að bindandi verði fyrir málsaðila og er þá litið til mikilvægis þess að ekki sé gerður greinarmunur að þessu leyti eftir því á hvaða lagagrundvelli mál byggist.

Varðandi þann þátt frumvarpsins sem snýr að samræmingu starfsemi Jafnréttisstofu, Fjölmeningaseturs og réttindagæslu fyrir fatlað fólk í eina stofnun var haft samráð við Femínistafélag Íslands, Fjölmeningasetur, Geðhjálp, Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, starfsmann réttindavaktarinnar og réttindagæslumenn, W.O.M.E.N – samtök erlendra kvenna á Íslandi, Proskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands.

Enn fremur var á ýmsum stigum vinnunnar við gerð frumvarpsins óskað eftir umsögn frá eftirfarandi aðilum um efni þess: Biskupsstofu, Femínistafélagi Íslands, Fjölmeningarsetri, fræðimönnum á tilteknum málavíðum í háskólasamfélaginu, Geðhjálp, innanríkisráðuneyti, Innflytjendaráði, Kærunefnd jafnréttismála, Kvennaathvarfi, Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Landssambandi eldri borgara, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, mennta-og menningarmálaráðuneyti, Samráðsvettvangi trúfélaga og lífskoðunarfélaga um trúarleg efni og samstarfsaðila þeirra, Samtökum 78, Siðmennt, Stígamótum, talsmönnum stúdenta í háskólum á Íslandi, Trans Íslandi, W.O.M.E.N – samtök erlendra kvenna á Íslandi, Proskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands.

#### IV. Mat á áhrifum frumvarpsins.

Líkt og að framan greinir er lagt til í frumvarpi þessu að sett verði á laggirnar ný stofnun sem verði falin stjórnvíssla á sviði jafnréttismála, þ.e. á grundvelli kyns, kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífskoðunar, aldurs, fötlunar, skertrar starfsgetu, kynhneigðar og kynvitundar. Er áætlað að sameining stofnana á sviði jafnréttismála eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir stuðli að öflugri stjórnvísllu á

Þessu sviði auk þess sem byggja megi upp víðtæka þekkingu á sviði jafnréttismála innan stjórnýslunnar.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í ákvæði þessu er lagt til að frumvarp þetta skuli gilda um stjórnýslu á sviði jafnréttismála og er í því sambandi meðal annars vísað til starfa þeirrar stjórnýslustofnunar sem lagt er til að starfi á sviði jafnréttismála. Verkefni þeirrar stofnunar hafa meðal annars verið í höndum Jafnréttisstofu, Fjölmenningarseturs og réttindagæslumanna fyrir fatlað fólk, sbr. gildandi lög nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lög nr. 116/2012, um málefni innflytjenda, og lög nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Með frumvarpi þessu er því lagt til að ný stofnun verði sett á laggirnar sem verði falið að sinna verkefnum framangreindra aðila. Þannig komi sú stofnun til með að annast framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla auk laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og laga um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna, verði þau frumvörp að lögum. Enn fremur er gert ráð fyrir að hin nýja stofnun taki við verkefnum samkvæmt gildandi lögum nr. 116/2012, um málefni innflytjenda en efni þeirra eru tekin upp í frumvarpi þessu og falla því þau lög úr gildi, verði frumvarp þetta að lögum. Jafnframt er gert ráð fyrir að hin nýja stofnun taki við verkefnum samkvæmt gildandi lögum nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk en efni þeirra er varða réttindavakt og réttindagæslumenn eru tekin upp í frumvarpi þessu. Önnur ákvæði þeirra laga halda hins vegar gildi sínu. Munu því verkefni stofnunarinnar lúta að jafnréttismálum í víðum skilningi þar sem fjallað er um jafna meðferð óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, aldri, fötlun, skertri starfsgetu, kynhneigð og kynvitund. Með þessu fyrirkomulagi er meðal annars stefnt að því að efla stjórnýslu á sviði jafnréttismála með einni öflugri stofnun, í stað fleiri smærri, með víðtæka sérþekkingu á þessu sviði þannig að hægara verði jafnframt um vik að taka á fjölþættri mismunun.

Þá er gert ráð fyrir að frumvarp þetta gildi einnig um þær stjórnýslunefndir sem þegar hafa starfað á sviði jafnréttismála innan stjórnýslunnar, svo sem Jafnréttisráð sem lagt er til að fái heitið Kynjajafnréttisráð, Innflytjendaráð auk sérstakrar kærunefndar.

Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta varðandi þessi atriði sem og athugasemdir við 3.–13. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Lagt er til að ráðherra félags- og húsnæðismála verði falin yfirstjórn jafnréttismála en með orðinu *jafnréttismál* í lögum þessum er átt við mál sem varða jafna meðferð óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, aldri, fötlun, skertri starfsgetu, kynhneigð og kynvitund. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

### Um 3. gr.

Líkt og kveðið er á um í 3. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem og 2. gr. laga um málefni innflytjenda er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að STOFNUN verði sérstök stofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra félags- og húsnæðismála, sbr. einnig 12. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011. Gert er ráð fyrir að hlutverk STOFNUNAR verði að annast stjórnarsýslu á því sviði sem lög nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, ná til sem og að annast stjórnarsýslu á því sviði sem frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund nær til og stjórnarsýslu á því sviði sem frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna nær til. Þannig er miðað við að verkefni STOFNUNAR verði þau sömu og verkefni Jafnréttisstofu, Fjölmenningsseturs og réttindagæslumanna fyrir fatlað fólk samkvæmt gildandi lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lögum nr. 116/2012 um málefni innflytjenda og lögum nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Ákvæði laga um málefni innflytjenda hafa verið tekin upp í frumvarpi þessu sem og þau ákvæði laga um réttindagæslu fatlaðs fólks sem varða réttindavakt og réttindagæslumenn.

Hinni nýju stofnun er ætlað að annast fræðslu og upplýsingastarfsemi og fylgjast með þróun á sviði jafnréttismála í samfélaginu. Í því sambandi er stofnuninni ætlað að taka við hlutverki Fjölmenningsseturs við að miðla upplýsingum til innflytjenda um réttindi þeirra og skyldur og sjá til þess að fræðslu- og upplýsingaefni sé auðlesíð til að auðvelda innflytjendum aðgengi þar sem íslenskan er þeirra annað tungumál. Er einnig gert ráð fyrir að hin nýja stofnun sjái jafnframt um útgáfu á auðlesnu fræðslu- og upplýsingaefni fyrir fatlað fólk um réttindi þess og skyldur. Þessu tengdu er einnig lögð áhersla lögð á mikilvægi þess að stofnunin hafi frumkvæði að því að gerðar verði skýrslur og/eða kannanir á sviði jafnréttismála og þá ekki síst á sviði jafnrar meðferðar á vinnumarkaði óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund.

Stofnuninni er ætlað að veita ýmsum aðilum ráðgjöf og aðstoð á sviði jafnréttismála sem og að koma á framfæri við ráðherra og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að stuðla að framgangi á sviði jafnréttismála. Er þessu hlutverki stofnunarinnar ætlað að stuðla að því að unnið verði markvisst að jafnri meðferð óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð og kynvitund innan íslenskrar stjórnarsýslu, hvort sem er hjá ríki eða sveitarfélögum. Til samræmis þessu eru lagðar til breytingar á hlutverki jafnréttisnefnda sveitarfélaga sem og einnig jafnréttisfulltrúum ráðuneyta sem og jafnréttisfulltrúa ráðherra. Ekki er síður mikilvægt í þessu sambandi að auka virkni sem flestra á sviði jafnréttismála þannig að sem flestir taki þátt í að móta samfélag með það að

markmiði að jafnri stöðu einstaklinga verði náð. Til að ná því markmiði verður að teljast mikilvægt að hin nýja stofnun stuðli í störfum sínum að virku samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins og frjáls félagasamtök, sem láta sig þessi mál varða, um hvernig tryggja megi framgang jafnrar meðferðar á sem skilvirkastan hátt í samfélaginu.

Enn er talið þýðingarmikið að beina sjónum sérstaklega að þátttöku karla í umræðunni um jafnrétti kynjanna þar sem konur hafa alla jafna þótt virkari en karlar í þeirri umræðu. Jafnframt er gert ráð fyrir að hin nýja stofnun taki við hlutverki Jafnréttisstofu við að vinna að forvörnum, meðal annars gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega sem og gegn launamisrétti og annarri mismunun á sviði jafnréttismála sem hefur viðgengist í samfélaginu og þá einkum á vinnumarkaði. Er hér vísað til launamisréttis og annarrar mismununar á vinnumarkaði á grundvelli kyns, kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar og kynvitundar en lagt er til í frumvarpi félags- og húsnæðismálaráðherra til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði að samþykkt verði sams konar ákvæði og gilda þegar í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að því er varðar jafna meðferð í starfi og við ráðningu sem og varðandi launakjör og önnur starfskjör. Þá er gert ráð fyrir að hin nýja stofnun taki við því hlutverki Jafnréttisstofu að leita sátta í ágreiningsmálum sem henni berast sem og að kærunefnd jafnréttismála geti að höfðu samráði við kæranda sent mál til sáttameðferðar hjá stofnuninni. Hins vegar er ekki lagt til í frumvarpi þessu að hin nýja stofnun taki við því hlutverki Jafnréttisstofu að fylgjast með því að beiðni kæranda að úrskurðum kærunefndar jafnréttismála sé framfylgt eftir því sem við getur átt, sbr. 6. mgr. 4. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ástæðan er að reyndin hefur verið sú að Jafnréttisstofa hefur ekki getað fylgt úrskurðum kærunefndar jafnréttismála eftir í framkvæmd þar sem úrskurðarorð þeirra hafa eðli málsins samkvæmt einungis falið í sér niðurstöðu um hvort nefndin telji að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eður ei. Í niðurstöðu úrskurða kærunefndarinnar er því ekki fjallað um tiltekin úrræði sem sá er talinn er hafa brotið gegn lögnum skuli grípa til í kjölfarið. Má því segja að ákveðinn ómöguleiki hafi verið fyrir hendi í þessu tilliti og ákvæðið því jafnvel vakið óraunhæfar væntingar hjá kærendum.

Hinni nýju stofnun er einnig ætlað að taka við hlutverki Fjölmeningaseturs við að vera sveitarfélögum til ráðgjafar við móttöku innflytjenda en samkvæmt 3. gr. laga nr. 116/2012, um málefni innflytjenda, ber sveitarfélögum skylda til að tryggja að innflytjendur geti nýtt sér borgaraleg réttindi sín með sama hætti og aðrir íbúar. Ekki eru lagðar til breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að þessu leyti en það telst vera hlutverk sveitarfélaga að veita öllum íbúum sínum þjónustu óháð uppruna. Felst því hlutverk stofnunarinnar í því að vera ráðgefandi við sveitarfélögin í þessu sambandi sem og sjá um miðlun upplýsinga

til innflytjenda um réttindi þeirra og skyldur. Verkaskipting í þjónustu ríkis og sveitarfélaga við innflytjendur verður því áfram sú sama og gildir um veitingu þjónustu við Íslendinga.

Þá er jafnframt lagt til að hin nýja stofnun sinni réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Lagt er til að réttindagæslumenn verði starfsmenn stofnunarinnar og starfi því í umboði hennar. Ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum á því fyrirkomulagi sem komið var á með lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk og munu réttindagæslumennirnir því áfram hafa vinnustöðvar víðs vegar um landið. Er þetta fyrirkomulag einnig líklegt til að stuðla að betra aðgengi almennings að hinni nýju stofnun þar sem ekki er útilokað að réttindagæslumenn, sem flestir eru í hlutastörfum sem réttindagæslumenn, kunni þegar fram líða stundir að taka að sér frekari störf innan stofnunarinnar. Enn fremur er gert ráð fyrir að hlutverk jafnréttisvaktar velferðarráðuneytisins verði fært til hinnar nýju stofnunar frá ráðuneytinu. Þannig kemur hin nýja stofnun til með að sjá um fræðslu og upplýsingastarf varðandi réttindi og skyldur fatlaðs fólks sem og að koma með ábendingar um það sem betur má fara og eiga frumkvæði að því að gerðar verði skýrslur og/eða kannanir á þessu sviði sem og að fylgjast með þróuninni í samfélaginu. Gert er ráð fyrir að öll sú vinna verði áfram unnin í samvinnu við hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Í ákvæði þessu eru ekki tæmandi talin þau verkefni sem hinni nýju stofnun er ætlað að annast heldur einungis nefnd dæmi um slík verkefni. Þannig er jafnframt gert ráð fyrir að ráðherra geti falið stofnuninni að vinna önnur verkefni en nefnd eru í staflíðum 3. mgr. enda séu þau í samræmi við markmið þeirra laga sem stofnuninni er ætlað að vinna að.

#### Um 4. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 4. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nema gert er ráð fyrir að veita skuli STOFNUN upplýsingar og gögn í stað Jafnréttisstofu áður. Enn fremur er gert ráð fyrir að STOFNUN geti ekki eingöngu krafist upplýsinga og gagna á grundvelli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla heldur einnig á grundvelli laga um jafnað meðferð á vinnumarkaði og laga um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna, verði samnefnd frumvörp að lögum. Enn fremur er gert ráð fyrir að stofnunin geti á sama hátt og Jafnréttisstofa getur samkvæmt gildandi lögum óskað eftir að kærunefnd jafnréttismála taki mál til meðferðar hafi hún rökstuddan grun um að brotið hafi verið gegn þeim lögum sem henni er ætlað að hafa eftirlit með. Sú breyting er þó lögð til frá gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að ekki er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að framangreint eigi við um einstaklingsmál heldur eingöngu um mál sem kunna að varða hagsmuni margra og þannig talin hafa almennt gildi auk þess að hafa sem slík ákveðið fordæmisgildi. Sem dæmi má taka auglýsingu sem þykir öðru kyninu til minnkunar. Jafnframt má nefna dæmi þar sem rökstuddur grunur er um að tiltekinn atvinnurekandi brjóti kerfisbundið gegn ákvæðum laga um jafna stöðu



og jafnan rétt kvenna og karla þannig að starfsmenn hans af öðru kyninu verði fyrir mismunun eða gegn ákvæðum laga um jafna meðferð á vinnumarkaði þannig að starfsmenn hans verði fyrir mismunun vegna aldurs. Í tengslum við einstaklingsmál er engu síður gert ráð fyrir að STOFNUN veiti einstaklingum ráðgjöf um hvert þeir geti snúið sér til að leita réttar síns telji þeir á sér brotið og til hvaða atriða líta þurfi til í því sambandi.

#### Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að STOFNUN taki við hlutverki réttindagæslumanna samkvæmt lögum nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Ákvæði laganna um réttindagæslu fyrir fatlað fólk sem fjalla um réttindagæslumenn eru efnislega tekin upp í 5-7. gr. frumvarps þessa og er jafnframt lagt til að þau falli brott í þeim lögum skv. 34. gr. frumvarps þessa. Er því lagt til að starfsmenn STOFNUNAR annist réttindagæslu fyrir fatlað fólks í stað ráðherra áður en einnig gera gildandi lög ráð fyrir að ráðherra óski eftir umsögn heildarsamtaka fatlaðs fólks við ráðningu réttindagæslumanna. Í frumvarpi þessu er lagt til að þessi lögbundna umsögn um umsækjendur um störf réttindagæslumanna verði felld brott enda verður varla talið eðlilegt að opinber stofnun sé þannig bundin af því að leita til hagsmunasamtaka við mannaráðningar þar sem ávallt er krafa um að sá hæfasti sé ráðinn. Enn fremur hefur leikið vafi á hvaða vægi slíkar umsagnir eigi að hafa í ráðningarferli eða hvort eðlilegt sé að hagsmunaaðilar hafi aðkomu að ráðningarferli hjá hinu opinbera. Hins vegar er áfram gert það skilyrði að þeir starfsmenn STOFNUNAR hafi menntun sem nýtist í starfi sem og þekkingu og reynslu af málefnum og réttindum fatlaðs fólks. Er talið mikilvægt að opinber stofnun sinni réttindagæslu fyrir fatlað fólk en ekki eingöngu einstakir einstaklingar eins og verið hefur. Þetta fyrirkomulag þykir til þess fallið að réttindagæslan geti orðið öflugri en við núverandi skipulag þannig að ábyrgðin liggi ekki hjá einum starfsmanni sem ráðinn hefur verið sem réttindagæslumaður heldur stofnun sem hefur yfir að ráða fleira starfsfólki til að fylgja málum eftir þyki þörf á.

Að öðru leyti byggist ákvæði þetta á 4. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Ekki eru lagðar til breytingar á skipulagi réttindagæslu fyrir fatlað fólk að öðru leyti. Þannig er gert ráð fyrir að starfsmenn STOFNUNAR sem sinna réttindagæslu fyrir fatlað fólk hafi starfsstöðvar víðs vegar um landið samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra sem hefur það hlutverk að skilgreina tiltekin starfssvæði. Enn fremur er mikilvægt að einstaklingarnir sem í hlut eiga geti leitað til ákveðins einstaklings innan stofnunarinnar sem starfa þá á hverju starfssvæði. Áfram er sérstakleg tekið fram að starfsmönnum þeim sem sinna réttindagæslu sé óheimilt að sinna störfum fyrir þjónustuaðila við fatlað fólks sem teljast vera ósamrýmanleg starfi þeirra við réttindagæsluna. Ber í þessu sambandi einnig að taka fram að 20. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, gildir um starfsmenn STOFNUNAR að öðru leyti.

#### Um 6. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 5. gr. og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk sem jafnframt er lagt til að falli brott skv. 34. gr. frumvarps þessa. Þannig er gert ráð fyrir að starfsmenn STOFNUNAR sinni störfum réttindagæslumanna án þess að lagðar séu til efnislegar breytingar á hlutverki þeirra. Er í þessu sambandi ástæða til að taka fram að í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að þeir réttindagæslumenn sem sinna því starfi við gildistöku frumvarps þessa verði það að lögum verði boðin störf hjá STOFNUN til að sinna réttindagæslu fyrir fatlað fólk á umræddu svæði, sbr. ákvæði V til bráðabirgða við frumvarp þetta. Enn fremur er gert ráð fyrir að STOFNUN haldi skrá yfir persónulega talsmenn sem starfa á grundvelli laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk og skal stofnunin hafa eftirlit með störfum þeirra.

#### Um 7. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 6. gr. laga nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, sem jafnframt er lagt til að falli brott skv. 34. gr. frumvarps þessa. Í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í frumvarpi þessu að STOFNUN taki við hlutverki réttindagæslumanna er gert ráð fyrir að STOFNUN sé tilkynnt um ætluð brot á rétti fatlaðra einstaklinga í stað einstakra réttindagæslumanna áður. Í raun er ekki verið að breyta því fyrirkomulagi að unnt sé að hafa samband við þann starfsmann STOFNUNAR sem sinnir réttindagæslu á viðkomandi svæði en hann tæki þá við tilkynningunni sem starfsmaður stofnunarinnar. Enn fremur er lögð áhersla á varðveislu slíkra upplýsinga, sbr. 8. gr. frumvarps þessa, en mikilvægt er að aðgangur starfsmanna að viðkvæmum persónuupplýsingum sé takmarkaður þannig að eingöngu þeir starfsmenn sem eru að vinna með viðkomandi mál hafi aðgang að þeim.

Enn fremur er lögð til sú breyting að lagt er til að STOFNUN, og þá eftir atvikum sá starfsmaður stofnunarinnar sem sinnir réttindagæslu fyrir fatlað fólk á tilteknu starfssvæði, geti aðstoðað viðkomandi einstakling við að kæra mál til kærunefndar jafnréttismála í samræmi við útvíkkað hlutverk hennar, en samkvæmt gildandi lögum er einungis úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála tilgreind. Einnig þykir ekki rétt að tilgreina sérstaklega að kæra sé sett fram á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks enda getur kæra til úrskurðarnefndar félags- og húsnæðismála einnig verið sett fram á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Hins vegar þykir ekki ástæða vera til að telja upp lögin sjálf í ákvæðinu. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að STOFNUN geti einnig aðstoðað fatlaða einstaklinga við að kæra til annarra úrskurðaraðila en þeirra tveggja sem eru nefndar án þess að ástæða sé til að telja þá sérstaklega upp. Koma þar þó helst til greina úrskurðarnefnd almannatrygginga vegna mála er varða lífeyris- og sjúkratrygginga og embætti landlæknis vegna þjónustu heilbrigðisstarfsmanna. Þó geta allir kæru- og úrskurðaraðilar innan stjórnkerfisins komið til greina enda er aðstoð sú sem byggð er á réttindagæslu fyrir fatlað fólk, ekki bundin við ákveðin réttarsvið. Er gert ráð fyrir að

STOFNUN meti það í hvert skipti í hvaða farveg best sé að leggja mál sem henni berast.

Að lokum er lagt til að 3. mgr. 6. gr. laganna sem fjallar um tilkynningar réttindagæslumanns til ráðuneytis falli niður eðli málsins samkvæmt þar sem gert er ráð fyrir að sérstök stofnun annist réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

#### Um 8. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 7. mgr. 4. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Er því gert ráð fyrir að starfsmönnum hinnar nýju stofnunar verði á sama hátt og starfsfólki Jafnréttisstofu samkvæmt gildandi lögum óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla annarra upplýsinga eða gagna en þeirra sem eru nauðsynleg eða kunna að vera nauðsynleg í þágu eftirlitsins skv. 4.-7. gr. frumvarpsins. Enn fremur er gert ráð fyrir að þeim verði óheimilt að veita eða afhenda öðrum en aðilum máls og kærunefnd jafnréttismála upplýsingar eða gögn sem aflað verður á grundvelli 4.-7. gr. frumvarpsins. Í ljósi þess að í 4. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir að heimilt sé að kæra ákvörðun STOFNUNAR um dagsektir til ráðherra er jafnframt gert ráð fyrir að starfsmönnum STOFNUNAR verði heimilt að veita eða afhenda ráðuneytinu upplýsingar og gögn þegar það á við. Hið sama getur átt við taki ráðuneytið upp mál á grundvelli almennra stjórnunar- og eftirlitshlutverks þess, sbr. IV. kafla laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands. Gert er ráð fyrir að hið sama gildi um það sem starfsmenn kunna að verða áskynja vegna starfa sinna við lausn á ágreiningsmálum skv. j-lið 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Jafnframt gilda lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um störf starfsmanna STOFNUNAR, meðal annars hvað varðar þagnarskyldu þeirra.

Enn fremur er talið mikilvægt og þá sérstaklega í ljósi hlutverks STOFNUNAR við að annast réttindagæslu fyrir fatlað fólk að kveða á um varðveislu viðkvæmra persónulegra upplýsinga sem starfsmenn stofnunarinnar kunna að fá vegna réttindagæslu fatlaðs fólks. Flest málaskráarkerfi bjóða upp á þann möguleika að takmarka aðgengi einstakra starfsmanna að tilteknum málum þannig að eingöngu þeir starfsmenn sem vinna að málunum hafi skilgreindan aðgang að þeim og þar með þeim upplýsingum sem um er að ræða. Efni 3. mgr. ákvæðis þessa er efnislega samhljóða 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en rétt þykir að árétta efni hennar í frumvarpi þessu.

#### Um 9. gr.

Lagt er til að þeir sem telja á sér brotið á grundvelli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla verði áfram gert kleift að kæra ætluð brot til sjálfstæðrar kærunefndar. Er því gert ráð fyrir að sama fyrirkomulagi verði viðhaldið að þessu leyti en jafnframt verði umfang málefnasviðs kærunefndarinnar aukið þannig að einnig verði heimilt að kæra ætluð brot á

grundvelli laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna, verði samnefnd frumvörp að lögum. Er því um að ræða nýja kærunefnd og í ljósi aukins umfangs nefndarinnar frá því gildir um kærunefnd jafnréttismála samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er gert ráð fyrir að ráðherra skipi fimm fulltrúa í kærunefndina í stað þriggja áður. Áfram er gert ráð fyrir að skipunin gildi til þriggja ára sem og einnig að Hæstiréttur Íslands tilnefni alla aðalmenn kærunefndarinnar sem og varamenn hennar þannig að bindandi sé fyrir ráðherra í þeim tilgangi að tryggja sjálfstæði nefndarmanna gagnvart ráðherra. Er miðað við að 19. gr. frumvarps þessa gildi um tilnefningu á fulltrúum í nefndina. Enn fremur er miðað við að Hæstiréttur tilgreini hverjir þeirra tilnefndu skuli vera formaður og varaformaður en þeir skulu jafnframt uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Þrjú fulltrúar í kærunefndinni skulu sitja í hverju máli og skal formaður sitja í öllum málum en forfallist hann skal varaformaður taka sæti hans í viðkomandi máli. Gert er ráð fyrir að varaformaður sé einn af aðalmönnum nefndarinnar. Lagt er til að í upphafi hvers skipunartíma skuli fulltrúarnir koma sér saman um með hvaða hætti haga skuli vali á þeim tveimur fulltrúum í nefndinni sem sitja skuli í hverju máli auk formanns eða varaformanns eftir atvikum. Þessu fyrirkomulagi er meðal annars ætlað að stuðla að sérhæfðri þekkingu hjá fulltrúum í nefndinni þegar frá líður enda henni ætlað að fjalla um mál er varða ætlaða mismunun á grundvelli fleiri mismununarástæðna en samkvæmt gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Er því tilgangurinn einnig að tryggja að um þau mál sem berast nefndinni fjalli ávallt þeir fulltrúar í nefndinni sem mestu þekkinguna hafi á þeirri mismununarástæðu sem um er að ræða hverju sinni. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

#### Um 10. gr.

Líkt og kveðið er á um í 6. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er í frumvarpi þessu áfram gert ráð fyrir að verkefni kærunefndar jafnréttismála verði að taka til meðferðar þau erindi sem berast nefndinni vegna ætlaðra brota á ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Auk þess er í frumvarpinu gert ráð fyrir að verkefni kærunefndar jafnréttismála verði að taka til meðferðar þau erindi sem berast nefndinni vegna ætlaðra brota á ákvæðum laga um jafna meðferð á vinnumarkaði sem og laga um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna, verði samnefnd frumvörp að lögum. Þá er nefndinni ætlað að kveða upp úrskurði í viðkomandi málum. Gert er ráð fyrir að niðurstöður kærunefndarinnar sæti ekki kærnu til æðra stjórnvalds en heimilt er að bera efni þeirra undir dómstóla samkvæmt almennum reglum.

Í 5. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kveðið á um heimild kærunefndar jafnréttismála til að kveða upp úrskurð um frestun réttaráhrifa úrskurða að kröfu málsaðila. Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir að kærunefndin hafi slíka heimild þar sem slíkt þykir ekki nauðsynlegt í ljósi

Þess að úrskurðarorð úrskurða kærunefndarinnar fela eingöngu í sér niðurstöðu hvað varðar það hvort ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, hafi verið brotin eður ei en segja að öðru leyti ekki til um til hvaða úrræða skuli grípa, hafi verið um brot að ræða. Þykja því ekki efni standa til að kveða sérstaklega á um að kærunefndin hafi heimild til að úrskurða um frestun réttaráhrifa enda gert ráð fyrir að almennar reglur gildi þar um í tengslum við málshöfðun fyrir dómstólum. Hins vegar fela úrskurðirnir í sér bindandi niðurstöðu fyrir málsaðila um hvort brotið hafi verið á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og þeim tilmælum beint til hins brotlega að gera viðeigandi ráðstafanir til að bæta úr. Þess ber jafnframt að geta að áfram er gert ráð fyrir að málsaðilum sé heimilt að bera úrskurði nefndarinnar undir dómstóla samkvæmt almennum reglum líkt og verið hefur séu þeir ósáttir við úrskurð kærunefndarinnar. Er þá miðað við að dómstólar eiga almennt úrskurðarvald um gildi stjórnvaldsákvæðana, sbr. meginreglu 60. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Verður því að ætla að dómstólar hafi heimild að uppfylltum ákveðnum réttarfarsskilyrðum að skera úr ágreiningi um hvort kærunefnd jafnréttismála hafi byggt úrskurð á ákvæðum laga sem og málefnalegum sjónarmiðum.

Áfram er gert ráð fyrir að hafi úrskurður kærunefndar jafnréttismála verið kæranda í hag en gagnaðili vilji ekki una honum og höfði mál til ógildingar úrskurðarins fyrir dómstólum fái kærandi greiddan málskostnað úr ríkissjóði bæði fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti eftir því sem við á. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarp það er varð að gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er tilgangur þessa einkum sá að koma í veg fyrir að einstaklingar beri mál sín síður undir kærunefndina af ótta við þann tilkostnað sem kann að hljóta af því að gagnaðili freisti þess að fá úrskurði nefndarinnar ógilda fyrir dómstólum. Líkt og kveðið er á um í gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er í frumvarpi þessu áfram gert ráð fyrir að sé mál höfðað fyrir dómstólum vegna úrskurðar nefndarinnar sé nefndinni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála sem eru til meðferðar hjá henni þar til dómur gengur í viðkomandi máli.

#### Um 11. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 6. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem jafnframt er lagt til að falli brott skv. 34. gr. frumvarps þessa. Þar er kveðið á um að einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanna sem telja að ákvæði laganna hafi verið brotin á sér geti leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála. Þannig er í frumvarpi þessu áfram gert ráð fyrir að unnt verði að leita til kærunefndar jafnréttismála vegna ætlaðra brota á ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnframt er gert ráð fyrir að heimilt verði að leita atbeina nefndarinnar vegna ætlaðra brota á ákvæðum laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og ákvæðum laga um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna, verði

samnefnd frumvörp sem lögð eru fram samhliða frumvarpi þessu að lögum, og er það í samræmi við 10. gr. frumvarps þessa um efnislega aukið umfang málefna sviðs kærunevndarinnar.

Í frumvarpinu er leitast við að kveða skýrt á um aðild að kærumálum fyrir kærunevnd jafnréttismála og er í því skyni lagt til að tekið verði fram í ákvæðinu að einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum sem hafi lögmetra hagsmuna að gæta verði heimilt að leita atbeina kærunevndarinnar í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanns síns, enda liggi fyrir samþykki viðkomandi félagsmanns, telji hlutaðeigandi að ákvæði framangreindra laga hafi verið brotin. Í þessu er meðal annars talið felast að félagasamtök geti komið fram fyrir hönd félagsmanns samkvæmt sérstöku umboði viðkomandi eigi hann einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta af úrlausn máls. Enn fremur er gert ráð fyrir að skýrt verði kveðið á um heimild félagasamtaka til að leita atbeina kærunevndar jafnréttismála ef umtalsverður hluti félagsmanna þeirra á lögmetra hagsmuna að gæta af úrlausn máls. Er hér litið svo á að í þessu geti falist að umtalsverður hluti félagsmanna hlutaðeigandi félagasamtaka eigi einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta af úrlausn máls sem og að gæsla þessara hagsmuna teljist til yfirlýsts tilgangs og markmiða félagasamtakanna. Er þetta í samræmi við þær málsaðilareglur sem gilda samkvæmt stjórnisýslurétti.

Í nýlegu álit setts umboðsmanns Alþingis í máli nr. 6395/2011 kemur fram sú afstaða umboðsmanns að þegar kærunevnd jafnréttismála hefur til umfjöllunar mál er varðar ráðningu í starf, sé rétt að veita þeim sem starfið fékk aðild að málinu. Í álitinu eru rakin þau sjónarmið sem almennt eru til skoðunar þegar komist er að niðurstöðu um það hvort einstaklingur eða lögaðili eigi aðild að stjórnisýslumáli á kærustigi, þ.e. að viðkomandi eigi einstaklegra, beinna, verulegra og lögvarinna hagsmuna að gæta að úrlausn málsins. Af álitinu verður þó ekki skýrlega ráðið hvaða beinu og verulegu hagsmunum sá sem starfið hlaut, eigi af niðurstöðu málsins, sem leiði til þeirrar niðurstöðu að almennt verði að veita honum aðild að málinu. Þessi niðurstaða umboðsmanns virðist jafnframt ekki vera í samræmi við fyrri niðurstöður hans og skrif fræðimanna um efnið. Í ritinu *Stjórnisýsluréttur Málsmeðferð* eftir dr. juris Pál Hreinsson, Reykjavík 2013, segir á bls. 171: „Í framkvæmd reynir á mörg takmarkatilvik þess hvenær óbeinir eða afleiddir hagsmunir eru taldir skapa aðilastöðu og skulu hér nefnd fjögur þekkt dæmi: [...] Sá sem kærir mál til kærunevndar jafnréttismála þar sem hann telur að lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafi verið brotin þegar fram hjá sér var gengið við stöðuveitingu, telst aðili þess máls hjá kærunevndinni. Sá sem hlaut stöðuna telst á hinn bóginn ekki aðili málsins fyrir kærunevndinni.“ Er því næst vísað í álit setts umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2214/1997 þar sem komist er að þeirri niðurstöðu, með talsverðum rökstuðningi, að einstaklingur sem ráðinn hefur verið í starf njóti ekki aðilastöðu í kærumáli til nefndarinnar en eigi alla jafna rétt á að tjá sig um efni málsins fyrir nefndinni.

Í þessu efni verður að líta til þess að eingöngu er verið að kæra ákvörðunina um ráðningu í starf. Það er því sá sem tók ákvörðunina, venjulega vinnuveitandi, sem sakaður er um að hafa brotið gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla en ekki sá sem ráðinn var í starfið. Kærinni sem slíkri er því beint að þeim sem tók ákvörðunina sem veitt er tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum að í málinu áður en nefndin tekur efnislega afstöðu. Verður því ekki séð að niðurstaða kærunefndar hafi réttaráhrif gagnvart þeim sem starfið hlaut eða hafi með öðrum hætti bein áhrif á stöðu hans. Er því vandséð hvaða hagsmunir það eru sem eiga að leiða til þess að viðkomanda verði veitt skilyrðislaus aðild að málinu.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða verður ekki talið að rök standi til þess að breyta út frá þeirri framkvæmd sem verið hefur hjá kærunefndinni á þann veg að sá sem ráðinn var í starf eigi ávallt aðild að slíkum málum. Rétt er þó að halda því til haga að þegar svo stendur á að mati kærunefndarinnar, að viðkomandi eigi slíka hagsmuni af úrlausn máls, sé að sjálfsögðu rétt að veita honum aðild að því eða gefa honum færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, eftir atvikum hverju sinni.

Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda og athugasemda við 10. gr. frumvarps þessa.

#### Um 12. gr.

Ákvæðið fjallar um upplýsingaöflun fyrir kærunefnd jafnréttismála og er það efnislega samhljóða 7. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

#### Um 13. gr.

Ákvæðið fjallar um jafnréttisþing og byggist efnislega á 10. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Var um nýmæli að ræða í lögnum frá 2008 og var fyrsta jafnréttisþingið haldið í janúar 2009. Sú breyting er lögð til að hætt verði að miða við að halda jafnréttisþing innan árs frá alþingiskosningum líkt og kveðið er á um í gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla en í stað þess verði miðað við að ráðherra boði til jafnréttisþings annað hvert ár. Er þetta meðal annars lagt til í því skyni að tryggja að jafnréttisþing verði haldið með reglulegum hætti óháð alþingiskosningum hverju sinni. Meginreglan er að kjörtímabil kjörinna fulltrúa á Alþingi er fjögur ár en reynslan hefur sýnt að tilvik hafa komið upp þar sem þing er rofið og boðað til alþingiskosninga. Slíkar aðstæður urðu síðast vorið 2009 en áður hafði verið kosið til Alþingis tveimur árum áður eða vorið 2007.

Sú breyting er jafnframt lögð til að á jafnréttisþingi skuli ekki eingöngu fjallað um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla líkt og áður hefur verið gert heldur einnig jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund. Vegna þessa er lagt til að ráðherra ákveði hvaða efni verði til umfjöllunar að fengnum

tillögum frá hagsmunasamtökum á sviði jafnréttismála. Getur þessi hópur því verið breytilegur milli þinga, bæði eftir áherslum ráðherra hverju sinni sem og hvaða frjáls félagasamtök sýna málinu áhuga. Er jafnframt með þessu fyrirkomulagi ekki verið að útiloka ný félög til að hafa áhrif á það hvað umfjöllunarefni verði valin hverju sinni. Enn fremur er lagt til að STOFNUN skuli sjá um að umræður þingsins verði teknar saman og vinna úr þeim tillögur til ráðherra, sbr. athugasemdir við 18. gr. frumvarps þessa. Jafnframt er lagt til að ráðherra leggi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttis kynjanna fram á Alþingi fremur en á jafnréttisþingi, sbr. einnig athugasemdir við 21. gr. frumvarps þessa.

#### Um 14. gr.

Ákvæðið fjallar um jafnréttisnefndir sveitarfélaga og er það efnislega samhljóða 12. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem jafnframt er lagt til að falli brott skv. 34. gr. frumvarps þessa. Sú breyting er þó lögð til að jafnréttisnefndirnar skulu ekki einungis fjalla um jafna stöðu og jafnan rétt á grundvelli kyns innan viðkomandi sveitarfélags líkt og áður hefur verið heldur jafnframt um jafna meðferð óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð og kynvitund.

Sú breyting er einnig lögð til í frumvarpi þessu að í stað þess að jafnréttisnefndunum beri að afhenda STOFNUN skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála innan sveitarfélagsins annað hvert ár líkt og kveðið er á um í gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla verði kveðið á um að nefndunum beri að afhenda STOFNUN umrædda skýrslu óski stofnunin eftir því. Fellur það því í hlut stofnunarinnar að meta hvenær hún telur ástæður til að kalla eftir umræddum skýrslum frá jafnréttisnefndum sveitarfélaga til að sinna eftirlitshlutverki sínu samkvæmt lögum. Má einnig ætla að skýrslurnar verði bæði efnismeiri og markvissari samhliða því að gætt sé meðalhófs við að leggja skyldur á nefndirnar. Er með því fyrirkomulagi talið að ekki sé gengið lengra en nauðsynlegt sé til þess að stofnunin geti sinnt eftirlitsskyldum sínum, sbr. 3. gr. frumvarps þessa. Má einnig áætla að stofnunin kalli tíðar eftir skýrslum frá fjölmennari sveitarfélögunum heldur þeim sem eru fámennari til að fylgjast með þróun jafnréttismála innan þeirrar.

#### Um 15. gr.

Ákvæðið fjallar um jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna og er það efnislega samhljóða 13. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem jafnframt er lagt til að falli brott skv. 34. gr. frumvarps þessa. Sú breyting er þó lögð til að jafnréttisfulltrúarnir skuli ekki einungis fjalla um jafna meðferð á grundvelli kyns líkt og áður hefur verið heldur jafnframt jafna meðferð óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð og kynvitund. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta.



#### Um 16. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að ráðherra verði heimilt að ráða tímabundið til starfa sérstaka jafnréttisráðgjafa sem vinna skulu að jafnrétti á tilteknu sviði og/eða á tilteknu landsvæði. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 14. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem jafnframt er lagt til að falli brott skv. 34. gr. frumvarps þessa. Sú breyting er þó lögð til að jafnréttisráðgjafar skulu einnig vinna að jafnri meðferð óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð og kynvitund.

#### Um 17. gr.

Mikilvægt þykir að koma til móts við þau sjónarmið sem komið hafa fram í umræðunni um útvíkkun jafnréttishugtaksins að gæta þurfi sérstaklega að jafnrétti kynjanna þar sem kynjajafnréttismál hafi ákveðna sérstöðu. Megi segja að þau varði alla íbúa samfélagsins með einum eða öðrum hætti þar sem þau mál eru ekki einkamál kvenna heldur varði bæði karla og konur. Í þessu sambandi er því lagt til að félags- og húsnæðismálaráðherra muni áfram skipa sérstakt jafnréttisráð sem ætlað er að fjalla um kynjajafnrétti eins og verið hefur. Er gert ráð fyrir að ráðið verði kallað Kynjajafnréttisráð til að undirstrika viðfangsefni þess en hugtakið *jafnrétti* í frumvarpi þessu á einnig við um jafna meðferð óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð og kynvitund.

Ákvæði þetta fjallar um skipun ráðsins og byggist því efnislega á 8. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem jafnframt er lagt til að falli brott skv. 34. gr. frumvarps þessa. Sú breyting er þó lögð til í frumvarpinu að ráðherra skipi tvo fulltrúa í ráðið án tilnefninga, formann og varaformann, í stað eins fulltrúa líkt og kveðið er á um í gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Enn fremur er gert ráð fyrir að varaformaður verði jafnframt aðalmaður þannig að auðveldara verði fyrir varaformanninn að taka við stjórninni forfallist formaðurinn heldur en hann væri jafnframt varamaður í ráðinu.

Einnig eru lögð til sú breyting frá því sem nú er samkvæmt gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að ekki er lengur gert ráð fyrir að Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum eigi fulltrúa í ráðinu. Er þetta lagt til þar sem það er talið nýtast Kynjajafnréttisráði betur að Rannsóknarstofan standi utan við ráðið þannig að ráðið geti óskað eftir álitum eða umsögn stofunnar á hinum ýmsu álitaeftum óski ráðið eftir því. Enn fremur er gert ráð fyrir að Kynjajafnréttisráðið tilnefni fulltrúa í vinnuhóp sem ætlað er að verði ráðgefandi við ráðherra við úthlutun styrkja úr Kynjajafnréttissjóðnum. Þannig er tryggt að ekki komi upp hagsmunaárekstrar sem hugsanlega útilokuðu á að unnt yrði að veita Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum styrki úr Kynjajafnréttissjóði eða að minnsta kostir draga hlutleysi ráðgjafarhópsins í efa, sbr. einnig 19. gr. frumvarpsins þar sem nánar er fjallað um tilgang sjóðsins. Þar kemur meðal fram

að gert sé meðal annars ráð fyrir því að styrkir úr Kynjajafnréttissjóðnum skuli að meginstefnu til veittir til rannsókna á stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði en einnig á öðrum sviðum samfélagsins en ætla má að sú starfsemi sem fram fer á vegum Rannsóknarstofunnar lúti alla jafna að framangreindum þáttum.

#### Um 18. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 17. gr. frumvarps þessa er áfram gert ráð fyrir að hlutverk Kynjajafnréttisráðs, sem áður var kallað Jafnréttisráð, verði að fjalla um kynjajafnrétti. Ákvæði þetta er því efnislega samhljóða 9. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem jafnframt er lagt til að verði fellt brott skv. 34. gr. frumvarps þessa. Þannig er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að meginhlutverk ráðsins verði áfram að vera ráðherra til ráðgjafar á sviði jafnrétti kynjanna og koma á framfæri við hann sem og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir sem vinna að markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Enn fremur er lagt til að Kynjajafnréttisráði verði falin sambærileg verkefni og Innflytjendaráð hefur á sviði málefna innflytjenda og hafi það hlutverk að koma á víðtæku samstarfi og samráði milli ráðuneyta, sveitarfélaga og annarra aðila sem koma að jafnrétti kynjanna í samstarfi við STOFNUN. Jafnframt er það talið mikilvægt að Kynjajafnréttisráð hafi það hlutverk að stuðla að opinberri umræðu um jafnrétti kynjanna með ráðstefnum og fundum með hagsmunaaðilum sem láta sig jafnrétti kynja varða. Þannig er leitast við að tryggja gott samstarf milli stjórnvalda og hagsmunaaðila sem láta sig þessi mál varða. Með ákvæðinu er Kynjajafnréttisráði einnig falin aðkoma að úthlutun styrkja úr Kynjajafnréttissjóði, sbr. 19. gr. frumvarps þessa, en lagt er til að ráðið tilnefni fulltrúa í ráðgjafarhóp sem kemur fram með tillögur til ráðherra um veitingu styrkja úr sjóðnum.

Þar sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu að á jafnréttisþingi skuli ekki eingöngu fjallað um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla líkt og áður hefur verið gert heldur einnig jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund er sú breyting lögð til að STOFNUN taki við því hlutverki Jafnréttisráðs að sjá til þess að umræður á jafnréttisþingi verði teknar saman og vinna úr umræðunum tillögur til ráðherra. Nánar er vísað til athugasemda við 13. gr. frumvarps þessa.

#### Um 19. gr.

Sérstakur Jafnréttissjóður hefur verið starfræktur hér á landi frá árinu 2006 en ekki voru veittir styrkir úr sjóðnum á árunum 2009-2011 vegna bágrar stöðu í ríkisfjármálum á því tímabili. Styrkveitingar úr sjóðnum hófust hins vegar aftur árið 2012. Jafnréttissjóður hefur verið í vörslu forsætisráðuneytisins og lagt er til að svo verði áfram. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að ákvæði um sjóðinn verði lögfest en áður hefur starfsemi sjóðsins byggst á samþykkt ríkisstjórnarinnar og fengið fjárveitingar á fjárlögum hverju sinni.

Á sama hátt og lagt er til að Jafnréttisráð hafi áfram óbreytt hlutverk og sé ætlað að fjalla um kynjajafnrétti en jafnrétti í viðtækari skilningi er lagt til að tilgangur Jafnréttissjóðs verði sem endranær að efla kynjarannsóknir og stuðla þannig að bættri stöðu kvenna og karla og þar með framgangi jafnréttis kynjanna á öllum sviðum samfélagsins þó að sérstök áhersla skuli vera á rannsóknir sem miði að því að kanna stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði. Er jafnframt lagt til að sjóðurinn verði nefndur Kynjajafnréttissjóður þar sem með orðinu *jafnréttismál* í frumvarpi þessu er átt við mál sem varða jafna meðferð óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, aldri, fötlun, skertri starfsgetu, kynhneigð og kynvitund, sbr. einnig athugasemdir með 2. gr. frumvarps þessa.

Þá er lagt til að sá ráðherra sem fer með forsæti í ríkisstjórn Íslands skipi sérstakan ráðgjafarhóp að fengnum tilnefningum frá Kynjajafnréttisráði og velferðarráðuneyti en einn nefndarmanna verði skipaður án tilnefningar og verður hann jafnframt formaður. Er miðað við að hópurinn sjái um að auglýst verði eftir umsóknum um styrki í sjóðinn. Enn fremur er gert ráð fyrir að ráðgjafarhópurinn fari síðan yfir þær umsóknir sem berast sjóðnum og verði ráðherra til ráðgjafar við úthlutun styrkja úr sjóðnum hverju sinni. Gert er ráð fyrir að úthlutað verði árlega úr sjóðnum eins og verið hefur.

#### Um 20. gr.

Ákvæðið fjallar um þingsályktun um framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna og er það efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem jafnframt er lagt til að falli brott skv. 34. gr. frumvarps þessa. Áfram er því gert ráð fyrir að sá ráðherra sem fari með jafnréttismál leggi fram tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna þar sem lagðar eru til aðgerðir sem ætlað er að koma áherslumálum ráðherra á þessu sviði til framkvæmda og stjórnvöldum falið að vinna, eftir atvikum í samvinnu við aðra aðila. Sem dæmi var í síðustu áætlun ráðherra lögð áhersla á að ná fram launajafnrétti kynja og hefur því verið gripið til aðgerða sem eru til þess fallnar að koma á launajafnrétti kynja á innlendum vinnumarkaði í samstarfi við samtök aðila vinnumarkaðarins. Er þetta talið mikilvægt í ljósi þeirrar sérstöðu sem jafnrétti kynjanna er talið hafa. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda og athugasemda við 18. og 19. gr. frumvarps þessa.

#### Um 21. gr.

Gert er ráð fyrir að fjórða hvert ár skuli ráðherra leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttis kynjanna. Lagt er til að ráðherra leggi skýrsluna fram á Alþingi á sama tíma og tillaga að þingsályktun um framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna sé lögð fram, sbr. 20. gr. frumvarps þessa, í stað þess að leggja skýrsluna fyrir jafnréttisþing eins og verið hefur frá árinu 2008. Er með því móti tryggt að skýrslan fái umfjöllun á þinginu um leið og þingið fjallar um þingsályktunartillöguna. Með þessu er því snúið til fyrra horfs en fyrir gildistíð

laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2008 bar ráðherra að leggja fram skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála samhliða framlagningu þingsályktunartillögu, sbr. t.d. þágildandi 2. mgr. 9. gr. laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu að á jafnréttisþingi skuli ekki eingöngu fjallað um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla líkt og hefur verið gert heldur á jafnréttisþing einnig að fjalla um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund. Þá er sú breyting að umrædd skýrsla er sett fram á fjögurra ára fresti í stað tveggja áður. Reynslan hefur sýnt að það er of þétt að skrifa skýrslur sem þessar annað hvert ár og þykir hæfilegt að slíkar skýrslur spanni fjögurra ára tímabil.

Í skýrslu ráðherra er gert ráð fyrir að áfram komi meðal annars fram mat á stöðu og árangri verkefna í gildandi þingsályktun um framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna, sbr. 20. gr. frumvarpsins, en gert er ráð fyrir að gildistími þeirrar ályktunar sem er í gildi sé við það að renna út. Enn fremur er lagt til að í skýrslunni verði umfjöllun um stöðu og þróun jafnréttis kynjanna á helstu sviðum samfélagsins eins og verið hefur.

#### Um 22. gr.

Ákvæðið fjallar um tilnefningar og skipanir fulltrúa sem taka þátt í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera og er það efnislega samhljóða 15. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem jafnframt er lagt til að verði fellt brott skv. 34. gr. frumvarps þessa.

#### Um 23. gr.

Líkt og kveðið er á um í gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er í frumvarpi þessu áfram er gert ráð fyrir að í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skuli greina á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema í tilteknum undantekningartilvikum. Er því í frumvarpi þessu ekki gert ráð fyrir breytingum hvað þetta varðar og er ákvæðið efnislega samhljóða 16. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem jafnframt er lagt til að verði fellt brott skv. 34. gr. frumvarps þessa.

#### Um 24. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að gæta skuli kynjasambættingar við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð verði á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfi á málefnasviði þeirra líkt og gert er ráð fyrir í gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Er því í frumvarpi þessu ekki gert ráð fyrir breytingum hvað þetta varðar og er ákvæðið efnislega samhljóða 17. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem jafnframt er lagt til að verði fellt brott skv. 34. gr. frumvarps þessa. Áréttað er sem fram kom í

athugasemddum við 17. gr. frumvarps þess er varð að 17. gr. gildandi laga að samþætting er ekki markmið í sjálfri sér, heldur er það jafnrétti kynjanna sem er markmiðið. Er það talið nást með því að gera samþættingu meðal annars að viðteknum vinnubrögðum í stjórnslunni og er litið svo á að samþætting sé aðferðin eða verkfærið sem getur gert það kleift að ná markmiðinu um jafnrétti. Er því mikilvægt að kveða áfram á um þessa skyldu stjórnvalda að samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmið í alla stefnumótun og áætlanagerð.

#### Um 25. gr.

Líkt og kveðið er á um í 4. gr. laga nr. 116/2012, um málefni innflytjenda, er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að ráðherra skipi sex manna Innflytjendaráð en ráðgert er að skipunartíminn verði fjögur ár. Lagt er til að ráðherra skipi formann og annan fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra hið minnsta vera úr hópi innflytjenda. Á sama hátt og áður er mikilvægt að innflytjendur eigi fulltrúa í Innflytjendaráði en þar sem ekki eru til heildarsamtök innflytjenda er þessi leið farin. Enn fremur er gert ráð fyrir að innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra tilnefni hver sinn fulltrúa í ráðið. Lagt er til að í stað þess að Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg tilnefni hvor sinn fulltrúa í ráðið, tilnefni Samband íslenskra sveitarfélaga tvo fulltrúa í ráðið. Í stað þess að tilgreina eitt sveitarfélag sem tilnefningaraðila þykir fara betur að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni báða fulltrúa sveitarfélaga. Sambandið metur þá hverju sinni hvaðan fulltrúar þess koma. Þýðingarmikið er að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi fulltrúa í ráðinu þar sem sveitarfélögin gegna mikilvægu hlutverki við að veita innflytjendum sem og öðrum íbúum nærþjónustu, svo sem í leiksskólum, grunnskólum og almennri félagsþjónustu. Þarf því að tryggja öflugt samstarf og upplýsingagjöf milli ríkis og sveitarfélaganna að þessu leyti. Að lokum er tekið fram að starfsmaður STOFNUNAR sem hefur sérþekkingu á málefnum innflytjenda, skuli sitja fundi Innflytjendaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Mikilvægt er talið að starfsmaður STOFNUNAR sitji fundi Innflytjendaráðs enda er sá aðili í hvað mestum tengslum við málefnasviðið. Ekki hefur þó verið talið æskilegt að starfsmaður stofnunarinnar sé jafnframt fulltrúi í Innflytjendaráði þar sem hlutverk og skyldur starfsmanns stofnunarinnar kunna ekki alltaf að fara saman við hlutverk og skyldur Innflytjendaráðs.

#### Um 26. gr.

Ákvæðið byggist á efni 5. gr. laga nr. 116/2012, um málefni innflytjenda, sem jafnframt er lagt til að falli brott skv. 33. gr. frumvarps þessa. Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk Innflytjendaráðs en eitt af meginhlutverkum þess er að vera ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málefnum innflytjenda ásamt því að fylgja því eftir að stefnu ráðherra sé framfylgt innan stjórnslunnar.

Ein af ástæðum þess að Innflytjendaráð var stofnað var sú að nauðsynlegt þótti að auka samstarf milli ráðuneyta og annarra aðila sem vinna að málefnum

innflytjenda. Er því sérstaklega tekið fram í d-lið að ráðið skuli stuðla að víðtæku samstarfi og samráði milli ráðuneyta, sveitarfélaga og annarra aðila sem koma að málefnum innflytjenda ásamt því að stuðla að opinberri umræðu um málefni innflytjenda, sbr. e-lið. Það er unnt að gera með ráðstefnuhaldi sem og að ráðið haldi sérstaka fundi þar sem hagsmunaaðilar og sérfræðingar eru kallaðir til samráðs um tiltekin atriði er snúa að málefnum innflytjenda sem sérstaklega er brýnt að fjalla um á hverjum tíma. Tilgangur þess er að tryggja sem best að stjórnarsýslan sé í nánum tengslum við hagsmunaaðila. Enn fremur gildir hið sama um mikilvægi þess að samþætta sjónarmið innflytjenda inn í alla stefnumótun og áætlanagerð á vegum hins opinbera eins og gildir um samþættingu kynjasjónarmiða, sbr. 24. gr. frumvarps þessa. Jafnframt er áréttað að samþætting er ekki markmið í sjálfri sér, heldur er það jöfn meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna sem er markmiðið. Samþættingin er eingöngu aðferðin eða verkfærið til að ná fram því markmiði.

Þá er lagt til í 2. mgr. 27. gr. frumvarps þessa að breyting verði gerð á því hvernig staðið verði að undirbúningi að úthlutun styrkja úr Þróunarsjóði innflytjenda og þar með tryggt að samræmis verði gætt við úthlutun úr Þróunarsjóði innflytjenda og Kynjajafnréttissjóði. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi þriggja manna ráðgjafarhóp að fengnum tillögum Innflytjendaráðs og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Jafnframt er gert ráð fyrir að einn nefndarmanna verði skipaður án tilnefningar og sé hann jafnframt formaður ráðgjafarhópsins. Hlutverk ráðgjafarhópsins er að gera árlega tillögu til ráðherra um hverjar áherslur Þróunarsjóðs innflytjendamála skulu vera, auglýsa árlega eftir umsóknum um styrki í sjóðinn og gera tillögu til ráðherra um veitingu styrkja og fjárhæð þeirra. Er því lagt til að tekið verði fram að Innflytjendaráð tilnefni einn nefndarmann í umræddan ráðgjafarhóp ráðherra sem kemur til með að annast úthlutun úr Þróunarsjóði innflytjenda.

#### Um 27. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 6. gr. laga nr. 116/2012 um málefni innflytjenda sem jafnframt er lagt til að falli brott skv. 33. gr. frumvarps þessa. Þróunarsjóður innflytjendamála hefur verið starfræktur frá árinu 2007 þegar fyrst var auglýst eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Síðan hefur styrjum úr sjóðnum verið úthlutað árlega í samræmi við tilgang hans.

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og styðja við þróunarverkefni á sviði málefna innflytjenda með það að markmiði að auðvelda innflytjendum aðlögun að íslensku samfélagi og stuðla að því að samfélagið taki tillit til sjónarmiða þeirra. Verður að telja að þetta tvennt verði að fara saman svo allir fái notið sín innan samfélagsins á jafnréttisgrundvelli. Enn fremur er talið að með eflingu rannsókna og þróunarverkefna á málefna sviðinu megi draga úr líkum á því að innflytjendur verði jaðarhópur í samfélaginu.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 26. gr. frumvarps þessa er lagt til að ráðherra skipi sérstakan ráðgjafarhóp að fengnum tilnefningum frá

Innflytjendaráði, mennta- og menningarmálaráðuneyti en einn nefndarmanna verði skipaður án tilnefningar og verður hann jafnframt formaður. Er miðað við að hópurinn sjái um að gera árlega tillögu til ráðherra um hverjar áherslur Þróunarsjóðs innflytjenda skulu vera og að auglýst verði eftir umsóknum um styrki í sjóðinn. Enn fremur er gert ráð fyrir að ráðgjafarhópurinn fari síðan yfir þær umsóknir sem berast sjóðnum og verði ráðherra til ráðgjafar við úthlutun styrkja úr sjóðnum hverju sinni. Gert er ráð fyrir að úthlutað verði árlega úr sjóðnum eins og verið hefur.

#### Um 28. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 7. gr. laga nr. 116/2012, um málefni innflytjenda. Samkvæmt 1. mgr. skal ráðherra leggja fyrir Alþingi á fjögurra ára fresti tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda og skal gildistími hennar vera fjögur ár í senn. Fyrsta framkvæmdaáætlunin í málefnum innflytjenda var samþykkt á Alþingi árið 2008. Í henni voru tilgreind 98 verkefni og voru þau á ábyrgð ýmissa ráðuneyta og stofnana. Framkvæmdaáætlunin hefur verið gagnrýnd fyrir fjölda verkefnanna sem sum hver voru kostnaðarsöm án þess þó að þeim fylgdi sérstakt fjármagn til að standa straum af framkvæmd þeirra. Þegar hefur verið hafist handa við gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar á grundvelli laga um málefni innflytjenda og hefur í þeirri vinnu verið litið til þeirrar reynslu sem fengist hefur við framkvæmd áætlunarinnar frá 2008. Er meðal annars talið mikilvægt að meiri festa komist á gerð slíkra áætlana og er því lagt til í frumvarpi þessu að í þingsályktunartillögunni komi fram áætlun um hvenær hefja eigi verkefni og hvenær þeim skuli lokið, hver beri ábyrgð á framkvæmd þeirra og áætlaður kostnaður vegna þeirra. Þá er gert ráð fyrir að tillagan skuli unnin í nánu samstarfi við önnur ráðuneyti, stofnanir, STOFNUN og Innflytjendaráð. Enn fremur er mikilvægt að Innflytjendaráð miðli þeirri umræðu sem ráðið hefur stofnað til með hagsmunaaðilum og sérfræðingum í málaflokknum sem og einnig verði eftir atvikum litið til þeirra umræðna sem eiga sér stað á jafnréttisþingum skv. 13. gr. frumvarpsins enda er þingunum ætlað að fjalla um jafnrétti í víðum skilningi en ekki eingöngu kynjajafnrétti eins og verið hefur.

#### Um 29. gr.

Lagt er til að ráðherra leggi áfram fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun í málefnum innflytjenda á fjögurra ára fresti en ákvæði þetta byggist efnislega á 8. gr. laga nr. 116/2012, um málefni innflytjenda, sem jafnframt er lagt til að falli brott skv. 33. gr. frumvarpsins. Í skýrslu ráðherra skal meðal annars koma fram mat á stöðu og árangri verkefna í gildandi þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda á hverjum tíma, sbr. 28. gr. frumvarpsins, en gert er ráð fyrir að gildistími þeirrar ályktunar sem er í gildi sé við að það renna út þegar skýrslan er lögð fram. Enn fremur er lagt til að í skýrslunni verði umfjöllun um

stöðu og þróun í málefnum innflytjenda á helstu sviðum samfélagsins í samræmi við markmið laganna.

#### Um 30. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um réttindavakt fatlaðs fólks en gert er ráð fyrir að hún komi í stað réttindavaktar ráðuneytisins sem kveðið er á um í 3. gr. laga nr. 88/2011, um réttindagæslu fatlaðs fólks.

Kveðið er á um skipan réttindavaktarinnar en hún er ekki sérstaklega skilgreind í gildandi lögum. Lagt er til að eftir hverjar alþingiskosningar skipi ráðherra sex manna réttindavakt fatlaðs fólks til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður vaktarinnar og hinn varaformaður. Ráðherra skipar einn fulltrúa sem tilnefndur er af Öryrkjabandalagi Íslands, einn sem tilnefndur er af Landssamtökunum Þroskahjálp, einn sem tilnefndur er af Háskóla Íslands og einn sem er tilnefndur af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Komi til atkvæðagreiðslu í réttindavakt fatlaðs fólks og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

Fulltrúi STOFNUNAR skal sitja fundi réttindavaktarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

#### Um 31. gr.

Hinni nýju réttindavakt fatlaðs fólks sem lagt er til að verði skipuð á grundvelli 30. gr. frumvarps þessa er ætlað að vera ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar varðandi málefni fatlaðs fólks, þar á meðal réttindagæslu þess og gæta þess að sjónarmið fatlaðs fólks séu samþætt allri stefnumótun og áætlanagerð hjá ríki og sveitarfélögum. Þá er réttindavaktinni áfram ætlað að safna upplýsingum um réttindamál fatlaðs fólks og þróun í hugmyndafræði og fylgjast með nýjungum á því sviði.

Sú breyting er lögð til á hlutverki réttindavaktarinnar að ekki er lengur gert ráð fyrir að hún fylgist með störfum réttindagæslumanna, sbr. a-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, enda munu starfsmenn STOFNUNAR taka við hlutverki réttindagæslumanna, sbr. 5.-7. gr. frumvarps þessa. Fer því velferðarráðuneytið með eftirlits- og stjórnunarheimildir með störfum þeirra sem og annarra starfsmanna stofnunarinnar á grundvelli IV. kafla laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands. Verður því ekki talið samræmast því skipulagi að fjölskipað stjórnvald sé jafnframt fengið sérstakt eftirlit með einstökum starfsmönnum opinberrar stofnunar. Þá er STOFNUN einnig með 3. gr. frumvarps þessa falið að sjá um útgáfu á auðlesnu efni um réttindamál fatlaðs fólks en það telst til hlutverka réttindavaktarinnar skv. e-lið 3. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

#### Um 32. gr.



Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 33-34. gr.

Lagt er til að frumvarp þetta taki gildi 1. janúar 2015 eða á sama tíma og gert er ráð fyrir að frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna taki gildi en gert er ráð fyrir að fyrrnefnd frumvörp verði lögð fram á Alþingi samhliða frumvarpi þessu. Er þetta tímamark meðal annars lagt til í því skyni að veita Jafnréttisstofu, Fjölmenningssetri og réttindagæslumönnum ákvæðið svigrúm til að samræma starfsemi sína í hinni nýju stofnun sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að verði sett á laggirnar.

Í ljósi þess að lög nr. 116/2012, um málefni innflytjenda kveða ekki á um efnisleg réttindi eða skyldur innflytjenda er lagt til með frumvarpi þessu að lögin falli í heild sinni úr gildi. Efni laganna lúta eingöngu að stjórnslu í málefnum innflytjenda sem Fjölmenningssetrið á Ísafirði, upphaflega nefnt Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum, hefur sinnt frá árinu 2001 og gert er ráð fyrir að hin nýja stofnun sinni hér eftir. Meginmarkmið setningu laganna um málefni innflytjenda, var að gera Fjölmenningssetrið að lögbundinni stofnun en það hafði áður verið starfrækt í formi tilraunaverkefnis á vegum ráðuneytisins. Efni laga um málefni innflytjenda eru tekin upp í 3. gr. og VI. kafla frumvarps þessa og vísast nánar til athugasemda við þær greinar.

Enn fremur er gert ráð fyrir að þau ákvæði sem varða stjórnsluna í gildandi lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, falli úr gildi. Líkt og fram hefur komið í almennu athugasemdum við frumvarp þetta og athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra fari með yfirstjórn á sviði jafnréttismála þar sem átt er við meginregluna um jafna meðferð óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund en ekki eingöngu jafnrétti kynjanna. Jafnframt er gert ráð fyrir að ein stofnun annist stjórnslu á sviði jafnréttismála þannig að hún fjalli ekki eingöngu um jafnrétti kynjanna, innan og utan vinnumarkaðar, heldur einnig jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna, innan og utan vinnumarkaðar, sem og um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund. Þykir því fara betur að fjalla um skipan stjórnslunnar í sérstökum lögum eins og lagt er til með frumvarpi þessu. Er því lagt til að 4.–17. gr. laganna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla falli brott. Lagt er til að orðalagi 31. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla verði breytt í því skyni að tryggja samræmi milli laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, verði samnefnt frumvarp að lögum, en slíkt er talið mikilvægt til að koma í veg fyrir misræmi þegar kemur að túlkun ákvæðanna. Einungis er um orðalagsbreytingar að ræða en ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á ákvæðinu.

Þá er lagt er til að 3. gr. laga nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, falli brott en gert er ráð fyrir að fjallað verði um réttindavaktina í frumvarpi þessu, sbr. VII. kafla frumvarps þessa. Jafnframt er lagt til að ákvæði 4.–6. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk falli brott enda eru efnisákvæði þeirra felld inn í frumvarp þetta í samræmi við tilgang þess, sbr. 5.–7. gr. frumvarps þessa. Að lokum er gert ráð fyrir að ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk falli brott, sbr. 6. gr. frumvarps þessa, en lagt er til að hin nýja stofnun haldi skrá um talsmenn fatlaðs fólks sem starfa á grundvelli laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk og hafi eftirlit með störfum þeirra. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 6. gr. frumvarpsins vegna þessa.

#### Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir að við gildistöku frumvarps þessa, verði það að lögum, falli niður umboð skipaðra fulltrúa í kærunefnd jafnréttismála enda miðað við að verið sé að setja nýja kærunefnd á fót. Er því gert ráð fyrir að ráðherra skipi nýja kærunefnd jafnréttismála samkvæmt 9. gr. frumvarps þessa. Þrátt fyrir að í 9. gr. frumvarpsins sé gert ráð fyrir að fulltrúar í kærunefnd jafnréttismála séu skipaðir til þriggja ára í senn er í ákvæði I til bráðabirgða gert ráð fyrir að í fyrsta skipti sem ráðherra skipar fulltrúa í nefndina samkvæmt ákvæðinu verði nefndarmenn ekki allir skipaðir til sama tíma í því skyni að koma í veg fyrir að skipunartími þeirra renni út samtímis. Er þannig gert ráð fyrir að þegar frá líður muni ráðherra árlega skipa einn til tvo nefndarmenn á sama tíma en skipunartími hvers og eins verði eftir sem áður þrjú ár líkt og gert er ráð fyrir í umræddri 9. gr. frumvarpsins. Er þetta lagt til í því skyni að tryggja eins vel og unnt er að ávallt verði til staðar tiltekin þekking hjá skipuðum fulltrúum í kærunefnd jafnréttismála þrátt fyrir að skipt verði um fulltrúa.

Jafnframt er lagt til að ráðherra skipi nýtt Kynjajafnréttisráð, Innflytjendaráð og nýja Réttindavakt fatlaðs fólks við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, í samræmi við 17., 25. og 30. gr. frumvarpsins.

Mikilvægt er að tekið verði fram í ákvæði V til bráðabirgða að starfsmenn þeirra stofnana sem ætlað er að renni inn í hina nýju stofnun sem og réttindagæslumenn fyrir fatlað fólk haldi störfum sínum enda mikilvægt að sú þekking sem þegar er fyrir hendi glattist ekki við það eitt að ný stofnun er sett á laggirnar. Er jafnframt tekið fram að starfsmennirnir haldi óbreyttum starfskjörfum enda þótt að þeir þurfi í einhverjum tilvikum að sæta breytingum á verkefnum í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpi þessu sem og frumvarpi til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og frumvarpi til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Eiga ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um skyldu til að auglýsa vegna lausra starfa því ekki við. Á það einnig við enda þótt að störf einstakra starfsmanna kunni að taka einhverjum breytingum. Í ljósi reynslunnar við sameiningu opinberra stofnana þykir mikilvægt að kveða á um að ráðherra skipi

sérstaka verkefnisstjórn sem hafi umsjón með að undirbúningur að stofnun nýrrar stofnunar geti farið sem best fram.

DRÖG